



HAFNARFJÖRÐUR

**FJÁRHAGSÁÆTLUN
2011 - 2014**

Greinargerð
Sundurliðanir

*TRAUST FRAMTÍÐ
STAÐIÐ VIÐ FÉLAGSLEGAR OG FJÁRHAGSLEGAR SKULDBINDINGAR*

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar
8. desember 2010

Efnisyfirlit#

| | |
|--|----|
| Inngangur | 3 |
| 1. Megináherslur og samandregnar niðurstöður | 5 |
| 2. Forsendur áætlana 2011 og 2012-2014 | 5 |
| 3. Málaflokkar, stofnanir og fyrirtæki | 9 |
| 3.1 A og B hluti | 10 |
| 3.2 A hluti | 11 |
| 3.3 Aðalsjóður | 12 |
| 3.4 Félagsþjónusta | 14 |
| 3.5 Heilbrigðismál | 15 |
| 3.6 Fræðslu- og uppeldismál | 16 |
| 3.7 Menningarmál | 21 |
| 3.8 Æskulýðs- og íþróttamál | 23 |
| 3.9 Brunamál og almannavarnir | 25 |
| 3.10 Hreinlætismál | 25 |
| 3.11 Skipulags- og byggingarmál | 26 |
| 3.12 Umferðar- og samgöngumál | 28 |
| 3.13 Umhverfismál | 28 |
| 3.14 Atvinnumál | 28 |
| 3.15 Sameiginlegur kostnaður | 29 |
| 3.16 Eignasjóður | 32 |
| 3.17 GN eignir | 35 |
| 3.18 Vatnsveita | 36 |
| 3.19 Fráveita | 37 |
| 3.20 Húsnæðisskrifstofa | 38 |
| 3.21 Hafnarfjarðarhöfn | 39 |
| Lokaorð | 40 |

Inngangur##

Frumvarp að fjárhagsáætlun ársins 2011 og þriggja ára áætlun fyrir árin 2012–2014, er hér lagt fram til fyrri umræðu í Bæjarstjórn Hafnarfjarðar. Frumvarpið samanstendur af greinargerð og tölulegum hluta sem inniheldur upplýsingar vegna samantekins A og B hluta og A hluta sveitar sjóðs, auk aðalsjóðs og annarra sjóða bæjarins. Upplýsingarnar eru einnig birtar á heimasíðu bæjarins, www.hafnarfjordur.is.

Greinargerðin er hluti af fjárhagsáætlun sveitarfélagsins. Tilgangur hennar er að veita upplýsingar um helstu forsendur og megináherslur í áætluninni og í starfsemi og þjónustu á áætlunartímabilinu. Starfsáætlanir sviða og stofnana innihalda ítarlegri upplýsingar um stefnu, hlutverk og starfsemi. Greinargerðin og starfsáætlanir sviða og stofnana mynda ákveðna heild og gefa betri yfirsýn yfir rekstur og þjónustu sveitarfélagsins. Almenn regla er að tölulegur hluti fjárhagsáætlunar ræður, ef misræmi kann að vera á milli texta í greinargerð, starfsáætlunum og tölulega hlutans.

Á sama tíma og íbúum hefur almennt fækkað nokkuð í Reykjavík, hefur þeim fjölgað lítillega í Hafnarfirði, þótt sú fjölgun sé talsvert minni en verið hefur á undanförunum árum. Þann 1. desember 2009 voru íbúar í Hafnarfirði 25.850, en eru í dag, 8. desember 26.091.

Undirbúningur vegna gerðar fjárhagsáætlunar hefur staðið yfir síðan í september 2010. Fjármálastjóri bæjarins hefur leitt vinnuna, auk sviðsstjóra og annarra starfsmanna bæjarins. Sérstakur undirhópur bæjarráðs, skipaður oddvitum bæjarstjórnarflokkanna, hefur fundað reglulega, með fjármálastjóra og sviðsstjórum, til að fara yfir vinnuna á öllum stigum hennar. Jafnframt hafa ráðin farið yfir tillögur sviðsstjóra og embættismanna að útgjöldum og hagræðingu. Á fyrri stigum vinnunnar var kallað eftir hugmyndum og ábendingum starfsfólks og íbúa og haldinn var sérstakur íbúafundur um gerð fjárhagsáætlunar í Lækjarskóla þann 3. nóvember 2010. Fjárhagsáætlunin sem hér er lögð fram fyrir árið 2011 og þriggja ára áætlun fyrir árin 2012-2014 er því niðurstaða þessarar sameiginlegu vinnu starfsmanna, stjórnmalamanna og íbúanna í bænum.

Fjárhagsáætlunin miðar að því að bæjarsjóður standi við skuldbindingar sínar, jafnt gagnvart íbúunum, sem og lánardrottnum. Fyrir liggur að á tímabilinu þarf að endurfjármagna ríflega 10 milljarða króna. Þessa endurfjármögnunarpörf má að mestu rekja til efnahagshrunsins og lóðaskila sem því tengjast, auk gengisfalls krónunnar.

Tekjur Hafnarfjarðarbæjar, líkt og annarra sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, hafa dregist umtalsvert saman frá efnahagshruninu haustið 2008, samhliða stóruknum útgjöldum til félagsmála og auknum álögum ríkisvaldsins í formi hærra tryggingagjalds, virðisauka-, fjármagnstekju- og orkuskatts. Fjárhagsáætlanir undanfarinna tveggja ára hafa tekið mið af þessu og gripið hefur verið til margvíslegra hagræðingaraðgerða. Á næsta ári er gert ráð fyrir enn frekari aðgerðum til hagræðingar og endurskipulagningar á ýmsum þáttum í starfsemi bæjarins. Höfuðáhersla er lögð á að standa vörð um velferðar- og grunnþjónustu, en á ýmsum öðrum sviðum má gera ráð fyrir frekari endurskipulagningu verkefna.

Starfsfólk Hafnarfjarðarbæjar á miklar þakkir skildar fyrir óeigingjarna vinnu við að leita leiða til að draga úr kostnaði í starfseminni á undanförunum misserum, við mikla óvissu og erfiðar aðstæður sem ríkja í þjóðfélaginu.

Um áramótin flyst rekstur vegna málefna fólks með fötlun frá ríki til sveitarfélaga. Tekjur bæjarins aukast vegna þessa um 650 milljónir króna á árinu, en gert er ráð fyrir sambærilegri aukningu útgjalda. Það er ljóst að umsvif bæjarins aukast talsvert vegna þessa. Þjónusta við fatlað fólk verður samþætt annarri þjónustu sem bærinn veitir og til lengri tíma litið má gera ráð fyrir rekstrarsamlegð og heildstæðari þjónustu við íbúa í Hafnarfirði, með minni aðgreiningu.

Grunntónninn í fjárhagsáætlun ársins 2011 er að tryggja hagsmuni bæjarbúa og þjónustu við þá, með höfuðáherslu á grunnþjónustu og velferð. Hafnarfjörður býr vel að margvíslegum auðlindum, sem hafin er vinna við að kortleggja í sérstakri verndunar- og nýtingarstefnu. Hafnfirðingar eiga dýrmæt, vel staðsett íbúða- og atvinnusvæði, sem eru tilbúin til notkunar um leið og aðstæður í íslensku efnahagslífi verða hagstæðari en þær

hafa verið frá efnahags- og bankahruninu. Ekki er gert ráð fyrir tekjum af sölu lóða í fjárhagsáætlun næsta árs, enda ólíklegt að af sölu lóða verði.

Á heildina litið er framtíðin í Hafnarfirði björt, þó svo á mótí blási um stund. Bæjarsjóður stendur traustum fótum og mannlíf í Hafnarfirði er fjölbreytt og auðugt að verðmætum sérkennum, að ógleymdum þeim mannauði sem býr í starfsfólki bæjarins og íbúunum sjálfum.

1. Megináherslur og samandregnar niðurstöður

Megináhersla í fjármálum bæjarins er skýr. Það þarf að bregðast við þessum breyttu aðstæðum með lækkun rekstrarkostnaðar sem tryggir bættu rekstrarafkomu, lækkun skulda og það að bærinn geti staðið við félagslegar og fjárhagslegar skuldbindingar sínar.

Helstu niðurstöðutölur eru eftirfarandi:

- Rekstrarniðurstaða A og B hluta fyrir árið 2011 er jákvæð um 306 m.kr. og rekstrarniðurstaða A hlutans 13 m.kr. Heildareignir samstæðunnar eru áætlaðar um 43,8 milljarðar kr. í árslok 2010. Skuldir og skuldbindingar eru áætlaðar um 35 milljarðar kr. og eigið fé er 8,7 milljarðar kr. Verðmæti lóða að fjárhæð 10 milljarða kr. er ekki í bókum bæjarins en verðmæti þeirra vega á móti langtímalánum bæjarins og lækka þar með áhættuna sem felst í skuldsetningunni.
- Áætlað veltufé frá rekstri A hluta er um 1 milljarður kr. og samantekið fyrir A og B hluta 1,6 milljarðar kr. sem er um 12% af heildartekjum.
- Dregið hefur verið úr framkvæmdum og fjárfestingum. Fyrir liggur fjárfestingaáætlun til þriggja ára en hún verður endurskoðuð hverju sinni þegar fjármögnun verkefna liggur fyrir. Ekki er gert ráð fyrir neinni lóðarsölu í áætlun fyrir árið 2011.
- Útkomuspá fyrir árið 2010 gerir ráð fyrir að rekstrarniðurstaða A og B hlutans verði jákvæð um 1.467 m.kr. samanborið við neikvæða niðurstöðu á árinu 2009 um 1.513 m.kr. Frá árslokum 2009 hafa heildarskuldir bæjarins lækkað úr 41.663 m.kr. í 35.975 m.kr. eða um 5.688 m.kr. vegna niðurgreiðslu skulda og hagstæðs gengis.
- Útkomuspá ársins 2010 fyrir A hlutann gerir ráð fyrir að rekstrarniðurstaða verði jákvæð um 1.097 m.kr. en afkoma fyrir fjármagnsliði er jákvæð um 321 m.kr. en fjármagnsliðir eru jákvæðir vegna hagstæðs gengis.

2. Forsendur áætlana 2011 og 2012-2014

Lagatilvísanir og skilgreiningar

Fjárhagsáætlun Hafnarfjarðarbæjar fyrir árið 2011 er sett fram í samræmi við 60. gr. sveitarstjórnarlaga, nr. 45/1998, fyrir A hluta og samantekinn reikning fyrir A og B hluta. A hluti samanstendur af aðalsjóði, eignasjóði og GN eignum ehf. Í aðalsjóði er rekstur málaflokka og þjónusta við íbúa bæjarins sem fjármögnuð er með skatttekjum og þjónustugjöldum. Í eignasjóði er haldið utan um rekstur, viðhald og stofnframkvæmdir fasteigna og gatna. Í áætlun A hluta er milliviðskiptum, svo sem vegna innri leigu, fasteignaskatta og afnota af íþróttamannvirkjum, jafnað út á milli stofnana. Til B hluta teljast fjárhagslega sjálfstæð fyrirtæki og rekstrareiningar sem eru í eigu bæjarins og fjármagnaðar með þjónustutekjum, en þau eru; Vatnsveita Hafnarfjarðar, Fráveita Hafnarfjarðar, Húsnæðisskrifstofa Hafnarfjarðar og Hafnarfjarðarhöfn.

Þriggja ára áætlun Hafnarfjarðarbæjar fyrir árin 2012-2014 er sett fram í samræmi við 63. gr. sveitarstjórnarlaga og samanstendur af samstæðuáætlun A og B hluta.

Skatttekjur

Skattlagningu sveitarfélaga er settur rammi í lögum um tekjustofna sveitarfélaga nr. 4/1995. Skatttekjur skiptast í útsvar, framlag úr Jöfnunarsjóði, fasteignaskatt og lóðarleigu. Í fjárhagsáætlun 2011 eru skatttekjur áætlaðar 11.228 m.kr. samanborið við 10.521 m.kr. í áætlun 2010. Hækkunin á milli ára skýrist aðallega af tekjuauka vegna yfirtöku á málefnum fatlaðra sem er áætlaður 654 m.kr.

Útsvar

Á árinu 2011 verður útsvarshlutfall 14,48% en var 13,28% á árinu 2010. Hækkunin, 1,2%, er tilkomin vegna yfirtöku á málefnum fatlaðra, en útsvarshlutfall sveitarfélaga er hækkað um þetta hlutfall gegn samsvarandi lækkun á tekjuskattshlutfalli ríkisins. Gert er ráð fyrir að 20% af þessari hækkun útsvarsstofnsins renni beint til bæjarins en 80% í sérdeild Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

Áætlun útsvarstekna er byggð á útkomuspá ársins 2010 að teknu tilliti til lækkunar á útgreiðslu séreignarsparnaðar. Gert er ráð fyrir óbreyttum íbúafjölda og almennar launabreytingar verði óverulegar á árinu 2011. Útsvarstekjur ársins 2010 eru töluvert hærrí en áætlun gerði ráð fyrir þrátt fyrir að samdráttur hagkerfisins sé meiri en spár gerðu ráð fyrir. Skýringin er meðal annars útgreiðsla séreignarsparnaðar en útlit er fyrir að útsvar af þeirri útgreiðslu nemi um 180 m.kr. á árinu. Reikna má með að heimild til útgreiðslu sparnaðar verði rýmkuð á árinu 2011 en þrátt fyrir það er ekki gert ráð fyrir tekjuauka í útsvari vegna þess. Hagkerfið er enn í djúpri lægð en samkvæmt endurskoðaðri þjóðhagsspá er gert ráð fyrir hægfara bata á komandi árum.

Fasteignagjöld

Stofn til útreiknings fasteignagjalda sem innheimt eru á árinu 2011 miðast við fasteignamat eigna sem birt var í sumarbyrjun 2010. Endurmat ársins leiddi til þess að matsstofn Hafnarfjarðarbæjar lækkar á milli ára samanber meðfylgjandi töflu.

| Fasteignamat | Fasteignamat 2011 | Fasteignamat 2010 | % |
|----------------------------|--------------------|--------------------|---------------|
| Íbúðareignir | 221.757.555 | 247.560.700 | 89,58% |
| Atvinnueignir | 67.724.336 | 68.871.847 | 98,33% |
| Stofnanir og samkomustaðir | 17.494.995 | 23.142.308 | 75,60% |
| Samtals | 306.976.886 | 339.574.855 | 90,40% |

Þessi lækkun leiðir til að tekjur vegna fasteignagjalda lækka og því er álagningarhlutfall fasteignaskatts, vatnsgjalds, holræsagjalds og lóðarleigu hækkað til að mæta lækkuninni. Sorphirðugjald hækkar um 8% á milli ára til að standa undir kostnaði við þjónustuna. Breytingin á álagningarhlutfalli er þessi:

| | Álagning 2010 | Álagning 2011 |
|---------------------------------|---------------|---------------|
| Fasteignagjöld íbúðarhúsnæði | 0,24% | 0,28% |
| Fasteignagjöld atvinnuhúsnæði | 1,60% | 1,65% |
| Lóðarleiga íbúðarhúsnæði | 0,27% | 0,42% |
| Lóðarleiga atvinnuhúsnæði | 1,00% | 1,30% |
| Holræsagjald | 0,136% | 0,16% |
| Vatnsgjald | 0,10% | 0,11% |
| Sorphirðu- og sorpeyðingargjald | 15.700 | 17.000 |

Aðrar tekjur

Í fjárhagsáætlun 2011 er tekið tillit til breytinga á uppbyggingu gjaldskráa bæjarins. Breytingar felast í endurskoðun, afnámi afsláttarkjara og tekjutengingum. Gjald fyrir leikskóladvöl umfram 8 klukkustundir er hækkað. Gert er ráð fyrir að framangreindar breytingar taki gildi í ársbyrjun 2011 en hækkun á skólagjöldum tekur gildi í upphafi nýs skólaárs. Dregið verður úr niðurgreiðslu máltíða í grunnskólum frá og með ársbyrjun 2011. Í áætluninni er ekki gert ráð fyrir hækkun á gjaldskrá sundlauga eða gjaldskrá félagsþjónustu.

Laun og launatengd gjöld

Launaáætlun ársins 2011 byggir á gildandi kjara- og ráðningarsamningum. Launatengd gjöld eru reiknuð miðað við gildandi samninga og lög. Tryggingagjald hækkaði á árinu 2010 upp í 8,65% en á árinu 2010 hefur ríkið endurgreitt sveitarfélögum þessa hækkun að hluta, en þeirri niðurgreiðslu verður hætt á árinu 2011. Hækkun gjaldsins er 104 m.kr. kostnaðarauki fyrir bæinn.

Launaáætlun var unnin af stjórnendum stofnana/deilda í samvinnu við fjármálaskrifstofu og launadeild með nýju og bættu verklagi. Lögð verður meiri áhersla á eftirlit og eftirfylgni með launakostnaði en með breyttu verklagi og nýju viðverukerfi verður slík vinna markvissari.

Á árinu 2011 verður farið í frekari aðgerðir til að lækka launakostnað sem mun skila sér enn frekar á árinu 2012. Þær aðgerðir felast í skipulagsbreytingum og endurskoðun starfseininga, fækkun yfirvinnustunda, lækkun starfshlutfalla, breytingu á vaktafyrirkomulagi, styttri opnunartíma stofnana og fleira.

Annar kostnaður

Samkvæmt fjárhagsáætlun er almennur rekstrarkostnaður skorinn niður í öllum málaflokkum og stofnunum bæjarins. Áætlað er að bærinn nái talsverðri hagræðingu með skipulagsbreytingum, hertum innkaupareglum, útboðum, sameiginlegum innkaupum og breyttu fyrirkomulagi í rekstri eigna. Áætlanir vegna verðlagsbundinna samninga, svo sem leigusamninga, hafa verið uppreiknaðar miðað við verðlagsforsendur. Haldið verður áfram vinnu við að ná samkomulagi við samningsaðila bæjarins um frystingu verðbótaþáttar og / eða lækkun þjónustusamninga. Kostnaður við rekstur húsnæðis og mótuneyta verður til sérstakrar skoðunar á árinu 2011 með það fyrir augum að ná fram aukinni hagræðingu.

Fjármagnsliðir

Áætlaðar eru arðtekjur og vaxtatekjur vegna hlutabréfa- og verðbréfaeigna, skatttekna og almennra krafna og tekið tillit til 20% fjármagnstekjuskatts. Viðskiptareikningar innan samstæðu eru ekki vaxtareiknaðir. Innlend verðtryggð lán hafa verið uppreiknuð og vaxtareiknuð miðað við verðbólguforsendur áætlunar sem metin er 2% innan ársins. Ekki er gert ráð fyrir gengismun í áætluninni en í þjóðhagsspa er ekki reiknað með mikilli styrkingu krónunnar á næstu misserum. Öll lán eru vaxtareiknuð miðað við gildandi vaxtakjör í dag en reiknað er með innlendri lántöku á tímabilinu til að endurfjármagna erlendu eingreiðslulánin á árinu 2011 og 2012.

Forsendur þriggja ára áætlunar

Þriggja ára áætlun, árána 2010 til 2014, er byggð á föstu verðlagi og föstu gengi.

Fyrir liggur að á næstu árum taki sveitarfélög yfir málefni aldraðra frá ríkinu en ekki er tekið tillit til þessa í þriggja ára áætlun bæjarins.

Ekki er gert ráð fyrir hækkun skatttekna á árinu 2011, en óverulegri hækkun á árunum 2012 til 2014. Áætluð hækkun tekur mið af spám um hækkun útsvars með auknum atvinnutekjum vegna; jákvæðs hagvaxtar, fjölgunar íbúa og minnkandi atvinnuleysis. Fasteignaskattar og lóðarleiga hækka ekki en áætluð er hækkun holræsagjalda vegna hærri fjármagnskostnaðar Fráveitunnar. Samkvæmt áætluninni hækka þjónustutekjur á milli árána 2011 og 2012 vegna breytinga á gjaldskrá. Áætluð er sala á byggingarrétti fyrir 150 m.kr. á árinu 2012.

Áætlun launa og launatengdra gjalda 2012-2014 er byggð á launaáætlun ársins 2011 að teknu tilliti til þeirra aðgerða sem áætlað er að grípa til á því ári.

Annar rekstrarkostnaður byggir á áætlun 2011 en gert er ráð fyrir áframhaldandi hagræðingu á næstu árum.


Fjármagnsliðir eru áætlaðir miðað við þau vaxtakjör sem bærinn býr nú við og reiknað er með að kjör nýrra lána taki mið af almennum innlendum kjörum.

Ekki er gert ráð fyrir miklum fjárfestingum en fjárfestingaáætlanir verða endurskoðaðar þegar línur skýrast um fjármögnun þeirra. Þá er rétt að benda á að ekki er gert ráð fyrir sölu á byggingarlóðum en með jákvæðum hagvexti og bættu efnahagsástandi má búast við að sala slíkra lóða hefjist á ný.

3. Málaflokkar, stofnanir og fyriritæki

Stefnukort
Hafnarfjarðarbæjar

Árangursmælingar
Hafnarfjarðarbæjar



| | Árangursmælikvarðar | Raun 2009 | Raun 2010 | Markmið 2011 |
|-----------|---|-----------|-----------|--------------|
| Fjármál | Frávik frá fjárhagsáætlun | Jákv. | | <0.5% |
| | Virkt fjármálaeftirlit, mánaðarleg uppgjör á sviðsstjóra/stjórnendum | 10 | 12 | 12 |
| | Veltufé sem hlutfall af tekjum | 4,84% | | 12,01% |
| Mannauður | Hlutfall ánægðra starfsmanna með starf sitt * | 88% | 87% | >86% |
| | Hlutfall ánægðra starfsmanna með stjórnun vinnustaðar* | 75% | 74% | 85% |
| | Hlutfall starfsmanna sem þekkja starfsáætlun og stefnu vinnustaðar | 77% | 79% | 90% |
| | Hlutfall starfsmanna sem telur að upplýsingastreymi sé gott* | 45% | 64% | 85% |
| | Hlutfall starfsmanna með virka símenntunaráætlun sl. ár* | 71% | 87% | 90% |
| | Hlutfall símenntunaráætlana sem fá A (gæði, uppbygging, framgangur)** | 77% | 74% | >80% |
| | Hlutfall starfsmanna sem fer í starfsmannasamtal* | 61% | 84% | 100% |
| Ferli | Hlutfall jákvæðra/hlutlausra fjölmiðlafrétta um Hafnarfjörð | 94% | 94% | 90% |
| | Meðalfjöldi heimsóknna pr. viku á hafnarfjordur.is | 7.500 | 7.325 | 10.000 |
| | Meðalfjöldi fréttanna pr. viku á hafnarfjordur.is | 12 | 13 | 10 |
| | Virk vefsvæði (uppfærð amk. 1 sinni í viku) | 97% | 99% | 100% |
| | Hlutfall starfsmanna sem fer á Lækninn til að fylgjast með og sækja upplýsingar | | 28% | 60% |
| | Hlutfall starfsáætlana sem fá A (gæði, uppbygging, framgangur)** | 93% | 93% | 90% |
| | Hlutfall stofnana með skráð umbótaverkefni og ferli | 100% | | 100% |
| | Hlutfall starfsmanna ánægðir með þverfaglega samvinnu | | 40% | >80% |
| Þjónusta | Fjöldi þjónustupátta sem hægt er að sækja um rafrænt | 35 | 36*** | 42 |
| | Hlutfall notenda íbúagáttar af öllum bæjarbúum | 17% | 21% | 28% |

*Viðkomandi mælikvarðar koma úr árlegum vinnustaðagreiningum,

**Árlegt mat starfs- og símenntunaráætlana

***Umsóknir sem eru að rafrænar fullu

3.1 A og B hluti

Útkomuspá ársins 2010 gerir ráð fyrir að rekstrarniðurstaða samantekins A og B hluta verði jákvæð um 1.467 m.kr. Afkoma fyrir fjármagnsliði er jákvæð um 881 m.kr. en fjármagnsliðir í rekstri bæjarins eru jákvæðir vegna hagstæðs gengis.

Áætlað er að heildartekjur fyrir A og B hluta verði á árinu 2011 um 13,7 milljarðar kr. og rekstrargjöld 12,3 milljarðar kr. Jákvæð rekstrarniðurstaða fyrir fjármagnsliði er áætluð um 1.452 m.kr. og fjármagnsliðir eru áætlaðir neikvæðir um 1.145 m.kr., þannig að áætluð rekstrarniðurstaða ársins 2011 verður jákvæð um 306 m.kr.

Heildareignir samstæðunnar eru áætlaðar um 43,8 milljarðar kr. í árslok 2010. Skuldir og skuldbindingar eru áætlaðar um 35 milljarðar kr. og eigið fé 8,7 milljarðar kr. Þess má geta að verðmæti lóða að fjárhæð yfir 10 milljarða kr. eru ekki færð í bækur bæjarins. Þessi verðmæti vega upp á móti langtímalánum bæjarins og lækka því áhættuna sem felst í skuldsetningu.

Veltufé frá rekstri er sá mælikvarði sem oft er litið til þegar meta skal getu fyrirtækja til að standa við skuldbindingar sínar. Mælikvarðinn gefur meðal annars vísbendingu um hversu mikið er til ráðstöfunar frá rekstri; til fjárfestinga og til að greiða skuldir.

Á árinu 2011 er gert ráð fyrir að veltufé frá rekstri verði tæpir 1,6 milljarðar kr. sem er um 12% af heildartekjum.

Áætluðum fjárfestingum 2011 verður haldið í lágmarki, áætlaðar fjárfestingar fyrir samstæðuna eru um 113 m.kr. á árinu 2011. Fyrir liggur fjárfestingaáætlun til þriggja ára en hún verður endurskoðuð hverju sinni þegar fjármögnun verkefna liggur fyrir. Ekki er gert ráð fyrir neinni lóðarsölu í áætlun fyrir árið 2011.

| A og B hluti | | | | Fjárhæðir í m.kr. |
|---------------------------|-------------|----------------|--------------------|--------------------|
| | Áætlun 2011 | Útkomuspá 2010 | Ársreikningur 2009 | Ársreikningur 2008 |
| Rekstrarreikningur | | | | |
| Tekjur | 13.732 | 13.962 | 14.161 | 13.929 |
| Gjöld | (12.279) | (13.081) | (13.188) | (14.927) |
| Fjármagnsliðir | (1.146) | 586 | (2.654) | (4.671) |
| Rekstrarniðurstaða | 306 | 1.467 | (1.681) | (5.670) |
| Efnahagsreikningur | | | | |
| Eignir | 43.837 | 44.364 | 48.585 | 37.924 |
| Eigið fé | 8.696 | 8.390 | 6.922 | 1.094 |
| Skuldir | 35.141 | 35.975 | 41.663 | 36.830 |
| Sjóðstreymi | | | | |
| Veltufé frá rekstri | 1.650 | 1.455 | 686 | 277 |
| Fjárfestingar | (114) | 3.027 | (42) | (7.901) |

Eins og fram kemur í töflunni hér að neðan er áætlað að rekstrarniðurstaða samstæðunnar verði jákvæð öll árin en áhrif aðgerðanna sjást vel. Veltufé frá rekstri í hlutfalli við tekjur er um 13-16% á tímabilinu.

| A og B hluti | | | | Fjárhæðir í m.kr. |
|---------------------------|-------------|-------------|-------------|-------------------|
| | Áætlun 2011 | Áætlun 2012 | Áætlun 2013 | Áætlun 2014 |
| Rekstrarreikningur | | | | |
| Tekjur | 13.732 | 14.228 | 14.235 | 14.320 |
| Gjöld: | (12.279) | (12.160) | (12.038) | (12.008) |
| Fjármagnsliðir | (1.146) | (1.215) | (1.199) | (1.082) |
| Rekstrarniðurstaða | 306 | 853 | 999 | 1.231 |
| Efnahagsreikningur | | | | |
| Eignir | 43.837 | 43.905 | 43.582 | 43.516 |
| Eigið fé | 8.696 | 9.549 | 10.547 | 11.778 |
| Skuldir | 35.141 | 34.356 | 33.035 | 31.739 |
| Sjóðstreymi | | | | |
| Veltufé frá rekstri | 1.650 | 1.902 | 2.048 | 2.280 |
| Fjárfestingar | (114) | (8) | 12 | 12 |

3.2 A hluti

Útkomuspá ársins 2010 gerir ráð fyrir að rekstrarniðurstaða A hlutans verði jákvæð fyrir fjármagnsliði um 1.097 m.kr. samanborið við neikvæða niðurstöðu á árinu 2009 um 1.513 m.kr. Samkvæmt útkomuspánni er rekstrarniðurstaða eftir fjármagnsliði jákvæð um 321 m.kr. en í áætlun 2011 er gert ráð fyrir jákvæðri afkomu sem nemur 855 m.kr.

Á árinu 2011 eru áætlaðar rekstrartekjur A hluta tæpir 12,3 milljarðar kr. og rekstrargjöld áætluð tæplega 11,5 milljarðar kr. Fjármagnsliðir eru áætlaðir um 842 m.kr.

Heildareignir A hluta í árslok 2011 eru áætlaðar um 32,9 milljarðar kr., skuldir rúmlega 27,8 milljarðar kr. og eigið fé um 5,2 milljarðar kr.

Áætlað veltufé frá rekstri er um 1.021 m.kr. og fjárfestingahreyfingar áætlaðar um 55 m.kr. Gert er ráð fyrir nýjum lántökum á árinu 2011 til að endurfjármagna erlend eingreiðslulán.

| A hluti | | | | Fjárhæðir í m.kr. |
|---------------------------|-------------|----------------|--------------------|--------------------|
| | Áætlun 2011 | Útkomuspá 2010 | Ársreikningur 2009 | Ársreikningur 2008 |
| Rekstrarreikningur | | | | |
| Tekjur | 12.366 | 12.668 | 12.908 | 12.671 |
| Gjöld | (11.511) | (12.347) | (12.499) | (14.140) |
| Fjármagnsliðir | (842) | 776 | (1.922) | (2.116) |
| Rekstrarniðurstaða | 13 | 1.097 | (1.513) | (3.585) |
| Efnahagsreikningur | | | | |
| Eignir | 32.986 | 33.670 | 37.318 | 29.271 |
| Eigið fé | 5.179 | 5.166 | 4.068 | (88) |
| Skuldir | 27.807 | 28.504 | 33.250 | 29.359 |
| Sjóðstreymi | | | | |
| Veltufé frá rekstri | 1.022 | 815 | 25 | (398) |
| Fjárfestingar | 511 | 3.083 | (56) | (6.410) |

3.3 Aðalsjóður

Aðalsjóður annast reglubundinn rekstur málaflokka sem er í meginatriðum fjármagnaður með skatttekjum og þjónustutekjum. Eins og fram kemur í útkomuspá fyrir árið 2010 er gert ráð fyrir rekstrarhalla sem nemur 296 m.kr.

Í áætlun 2011 er gert ráð fyrir tæplega 55 m.kr. rekstrarafgangi. Áætlaður kostnaður málaflokka lækkar um 240 m.kr. á milli ára sem skýrist af lækkun launakostnaðar, lækkun almenns kostnaðar og hækkun tekna.


Niðurstaða fyrir fjármagnsliði er jákvæð um 5,7 m.kr. en að teknu tilliti til fjármagnsliða er gert ráð fyrir tæplega 56 m.kr. rekstrarafgangi.

Á árinu 2010 hefur verið lögð mikil vinna í endurskoðun á rekstrinum með það að leiðarljósi að draga úr útgjöldum og ná fram hagræðingu en sú vinna mun halda áfram á árinu 2011. Helstu breytingar í rekstri aðalsjóðs má sjá í eftirfarandi töflu en þar koma fram helstu útgjaldabreytingar í rekstri málaflokka á milli ára, frá fjárhagsáætlun 2010.

| Aðalsjóður | | | | Fjárhæðir í m.kr. |
|---------------------------|-------------|----------------|--------------------|--------------------|
| | Áætlun 2011 | Útkomuspá 2010 | Ársreikningur 2009 | Ársreikningur 2008 |
| Rekstrarreikningur | | | | |
| Tekjur | 12.864 | 12.769 | 13.071 | 12.345 |
| Gjöld: | (12.858) | (13.098) | (13.996) | (13.830) |
| Fjármagnsliðir | 50 | 34 | 939 | 7.734 |
| Rekstrarniðurstaða | 56 | (296) | 14 | 6.249 |

| Rekstur málaflokka Aðalsjóðs | | | | Fjárhæðir í m.kr. |
|------------------------------|-------------|-------------------------|-------------|-------------------|
| | Áætlun 2011 | Hlutfall af skatttekjum | Áætlun 2010 | Mismunur |
| Skatttekjur | 11.228 | | 10.521 | 707 |
| Félagsþjónusta | (1.781) | 15,86% | (1.011) | (770) |
| Heilbrigðismál | (61) | 0,54% | (61) | |
| Fræðslu og uppeldismál | (6.363) | 56,67% | (6.268) | (95) |
| Menningarmál | (271) | 2,41% | (304) | 33 |
| Æskulýðs- og íþróttamál | (1.261) | 11,23% | (1.320) | 58 |
| Brunamál og almannavarnir | (145) | 1,29% | (129) | (15) |
| Hreinlætismál | (10) | 0,09% | (51) | 41 |
| Skipulags og byggingarmál | (87) | 0,77% | (84) | (2) |
| Umferðar- og samgöngumál | (424) | 3,78% | (359) | (65) |
| Umhverfismál | (31) | 0,28% | (37) | 5 |
| Atvinnumál | (21) | 0,18% | (9) | (11) |
| Sameiginlegur kostnaður | (767) | 6,83% | (871) | 104 |
| Fjármagnsliðir | 50 | -0,45% | | 50 |

Heildaryfirlit yfir rekstur málaflokka



3.4 Félagsþjónusta

Félagsþjónusta tilheyrir fjölskyldusviði. Fjárheimildir til starfsemi Félagsþjónustu Hafnarfjarðar breytast verulega milli árana 2010 og 2011. Í þeim breytingum vegur þyngst nýr kostnaður vegna þjónustu sveitarfélagsins við fólk með fötlun sem færast frá ríkinu. Kostnaðurinn kemur fyrst og fremst fram sem launakostnaður en um 90 stöðugildi fylgja tilfærslunni.

Almennt er gert ráð fyrir að efnahagslegt og félagslegt umhverfi verði með svipuðum hætti árið 2011 og var árið 2010 og áhrifa þess gæti í starfsemi Félagsþjónustunnar hvað varðar kostnað vegna fjárhagsaðstoðar og húsaleigubóta. Nokkur óvissa ríkir um endanlega niðurstöðu þessara útgjaldaliða, meðal annars vegna kerfisbreytinga og aðkomu ríkisvaldsins í sameiginlegum kostnaði, svo sem húsaleigubótakerfinu.

Allir samningar og styrkir á vegum Félagsþjónustunnar verða teknir til endurskoðunar, sem og fyrirkomulag þjónustu.

| Félagsþjónusta | | |
|--------------------------|--------------------|-------------|
| Tekjur: | | |
| þjónustugjöld | | 243.210 |
| | Samtals tekjur | 243.210 |
| Gjöld: | | |
| Laun og launatengd gjöld | | 368.510 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 1.655.744 |
| | Samtals gjöld | 2.024.254 |
| | Rekstrarniðurstaða | (1.781.044) |

| Fjölskyldusvið | Skipting fjármagns | Fjöldi stöðugilda | Fjöldi starfsmanna | Fermetrar |
|----------------|--------------------|-------------------|--------------------|-----------|
| Félagsþjónusta | 1.781.044 | 84 | 156 | 1.040 |

| Lykiltölur félagsþjónustu | 2009 | 2010* |
|--|------|-------|
| Barnaverndartilkynningar - fjöldi barna | 437 | 399 |
| Barnaverndartilkynningar - fjöldi fjölskyldna | 362 | 329 |
| Barnaverndartilkynningar - heildarfjöldi tilkynninga | 690 | 610 |
| Fjárhagsaðstoð - fjöldi fjölskyldna | 428 | 488 |
| Heimaþjónusta - fjöldi heimila | 457 | 476 |
| Húsaleigubætur - fjöldi heimila | 1195 | 1214 |
| Ferðaþjónusta fatlaðra - fjöldi einstaklinga | 182 | 206 |
| Daggæsla barna, niðurgreidd – heildarfjöldi | 437 | 356 |

*Fjöldatölur 1. janúar-1. nóvember 2010

Árangursmælingar fjölskyldusviðs

| | Árangursmælikvarðar | Raun 2009 | Raun 2010 | Markmið 2011 |
|-----------|--|-----------|-----------|--------------|
| Fjármál | Frávik frá fjárhagsáætlun | -15,97% | | <0.5% |
| | Virkt fjármálaeftirlit, mánaðarleg uppgjör á sviðsstjóra/stjórnendur | 10 | 12 | 12 |
| Mannauður | Hlutfall símenntunaráætlana sem fá A (gæði, uppbygging, framgangur) | 75% | 0 | >80% |
| | Hlutfall ánægðra starfsmanna með starf sitt* | | 84% | >86% |
| | Hlutfall ánægðra starfsmanna með stjórnun vinnustaðar* | | 69% | 85% |
| | Hlutfall starfsmanna sem þekkja starfsáætlun og stefnu vinnustaðar* | | 70% | 90% |
| | Hlutfall starfsmanna sem telur að upplýsingastreymi sé gott* | | 63% | 85% |
| | Hlutfall starfsmanna með virka símenntunaráætlun sl. ár* | | 83% | 90% |
| | Hlutfall starfsmanna sem fer í starfsmannasamtal* | | 66% | 100% |
| Ferli | Virkt vefsvæði (uppfært amk. 1 sinni í viku) | 100% | 100% | 100% |
| | Hlutfall starfsmanna sem fer á Lækkinn til að fylgjast með og sækja upplýsingar* | | 46% | 60% |
| | Gæði starfsáætlunar (gæði, uppbygging, framgangur) | A | A | A |
| | Hlutfall stofnana með skráð umbótaverkefni og ferli | 100% | | 100% |
| | Hlutfall starfsmanna ánægðir með þverfaglega samvinnu* | | 47% | >80% |
| Þjónusta | Fjöldi þjónustuþátta sem hægt er að sækja um rafrænt | 5 | 11*** | 6 |

*Viðkomandi mælikvarðar koma úr árlegum vinnustaðagreiningum,

**Árlegt mat starfs- og símenntunaráætlana

***Umsóknir sem eru að fullu rafrænar

Helstu áherslur félagsþjónustu 2012 – 2014

Ekki er gert ráð fyrir verulegum breytingum í efnahagslegu- og félagslegu umhverfi á tímabilinu. Þekkt er að beint samband er á milli atvinnuástands og fjárhagsaðstoðar. Breytingar á húsnæðismarkaði eru ekki líklegar á næstu árum þannig að húsnæðisbætur munu haldast fremur háar. Á árinu 2014 fer fram endurskoðun og endurmat á hvernig til hefur tekist vegna flutnings málefna fatlaðra. Á áætlunartímabilinu er almennt gert ráð fyrir aðhaldi í rekstri Félagsþjónustunnar þannig að hlutfall kostnaðar vaxi ekki að hlutfalli frá því sem fjárhagsáætlun ársins 2011 gerir ráð fyrir.

3.5 Heilbrigðismál

Fjárheimildir til heilbrigðismála eru óbreyttar á milli ára þar sem ekki varð breyting á innri leigu. Á árinu 2011 verður lögð áhersla á að ljúka fjármálalegu uppgjöri við ríkið, varðandi Sólvang.

3.6 Fræðslu- og uppeldismál

Fræðsluvið sinnir einni mikilvægustu grunnþjónustu bæjarins og verður megináhersla sviðsins á árinu 2011 að standa vörð um þjónustu við leik- og grunnskólanemendur. Það verður meðal annars gert með því að veita stofnunum sviðsins rekstrarlegan og faglegan stuðning við það metnaðarfulla starf sem þar fer fram. Í ljósi efnahagsástandsins verður lögð áhersla á það sem þegar er í gangi en ekki ráðist í ný verkefni sem kalla á nýtt fjármagn. Ný lög og reglugerðir kalla á vinnu við aðlögun og aukna áherslu á mat á skólastarfi og eftirlit með því.

Fyrir liggur að óútfærð hagræðing sem áætluð var á árinu 2010 næst ekki nema að hluta.

Samkvæmt fjárhagsáætlun 2011 lækka fjárheimildir til fræðslumála mikið á milli ára. Áætluð hagræðing 2011 er um 475 m.kr. og hefur verið útfærð. Helstu aðgerðir eru: Skert fjármagn til stjórnunarstarfa í leik- og grunnskólum. Minnkuð úthlutun kennslustunda í grunnskólum um nálægt 3,5% og sett viðmið um fjölda annars starfsfólks grunnskóla. Horft sérstaklega til mögulegra tækifæra til aukins sveigjanleika í skólastarfi sem kunna að bjóðast í viðræðum menntamálaráðuneytis og Sambands íslenskra sveitarfélaga. Ekki ráðið í stöður sem losna í skólum eða á Skólaskrifstofu nema brýna nauðsyn beri til. Breytt uppbygging gjaldskráa og hækkunir þeirra, sumar frá ársbyrjun 2011 og aðrar í byrjun skólaárs haustið 2011.

Á árinu 2010 voru grunnskólar í Norðurbæ sameinaðir og mun hagræðingar gæta þar í auknum mæli á árinu 2011. Ræstingaformi verður breytt í þeim leik- og grunnskólum sem enn eru með eigin ræstingu og öll önnur ræsting einnig skoðuð. Áætluð er sameining leikskólans Kató við nærleggjandi leikskóla og frekari sameiningar skoðaðar á árinu 2011.

Þjónustusamningar við einkarekna leikskóla verða endurskoðaðir með lækkun kostnaðar að markmiði. Ekki er hægt að lækka framlag til Barnaskóla Hjallastefnunnar og því gert ráð fyrir fullu framlagi til hans með hverjum nemanda. Frá ársbyrjun 2011 mun bærinn þó ekki leggja skólanum til húsnæði án endurgjalds eins og verið hefur.

Áætluð er 10% lækkun fjárframlags til Tónlistarskóla Hafnarfjarðar. Áætlað er að til Námsflokka Hafnarfjarðar – Miðstöðvar símenntunar verði aðeins veitt fjármagn sem nemur innri húsaleigu, tekjur af starfsemiinni standi undir öðrum kostnaði.

| Fræðsluvið | |
|--------------------------|-------------|
| Tekjur: | |
| Þjónustugjöld | 753.758 |
| Samtals tekjur | |
| Gjöld: | |
| Laun og launatengd gjöld | 4.367.485 |
| Annar rekstrarkostnaður | 2.749.515 |
| Samtals gjöld | 7.117.000 |
| Rekstrarniðurstaða | (6.363.242) |

| Lykiltölur | 2009 | 2010 |
|---|--------------|--------------|
| Nemendur á leik- og grunnskólaaldri búsettir í Hafnarfirði | 5.650 | 5.652 |
| Leikskólar | | |
| Nemendur alls í leikskólum í Hafnarfirði | 1.761 | 1.806 |
| - Nemendur í leikskólum reknum af Hafnarfjarðarbæ | 1.430 | 1.470 |
| - Nemendur í leikskólum með þjónustusamning | 308 | 318 |
| - Hafnfirskir nemendur í leikskólum utan Hafnarfjarðar | 23 | 18 |
| Nemendur á afsláttargjöldum í leikskólum Hafnarfjarðar | 541 | 604 |
| Dvalarstundir samtals í leikskólum, á dag | 11.777 | 12.237 |
| - Þar af dvalarstundir á afsláttargjöldum, á dag | 4.616 | 5.074 |
| Hlutfall afsláttardvalarstunda á dag | 39,2% | 41,5% |
| Meðaldvalarstundir barns, á dag | 8,24% | 8,27% |
| Grunnskólar | | |
| Nemendur í grunnskólum | 3.889 | 3.846 |
| Nemendur í grunnskólum reknum af Hafnarfirði | 3.732 | 3.674 |
| Nemendur í grunnskóla með þjónustusamning | 90 | 92 |
| Nemendur í grunnskólum annarsstaðar | 42 | 80 |
| Fjöldi nemenda sem eru í mataráskrift í grunnskólum | 2.687 | 2.966 |
| Fjöldi nemenda í heilsdagsskóla | 588 | 632 |
| Tónlistarskóli | | |
| Nemendur í tónlistarnámi | 783 | 656 |
| Fjöldi nemenda Tónlistarskólans (TH)* | 739 | 610 |
| Fjöldi nemenda Tónlistarskóla utan Hafnarfjarðar | 44 | 46 |
| Námsflokkar | | |
| Fjöldi nemenda Námsflokka | 1.084 | 1.380 |

* Ásamt Tónkvísl (12) og Skólalúðrasveit í Víðistaðaskóla (37)

| Leikskólar | Skipting fjármagns | Fjöldi stöðugilda | Fjöldi starfsmanna | Fjöldi fermetra | Fjöldi nemenda | Fjöldi dvalarstunda |
|--------------------------------------|--------------------|-------------------|--------------------|-----------------|----------------|---------------------|
| Arnarberg | 100.354 | 28 | 31 | 650 | 90 | 732 |
| Álfaberg | 36.819 | 11 | 13 | 170 | 56 | 463 |
| Kató | 46.154 | 11 | 13 | 296 | 36 | 297 |
| Norðurberg | 120.727 | 31 | 38 | 849* | 114 | 943 |
| Víðivellir | 160.960 | 44 | 56 | 938 | 126 | 1.050 |
| Hlíðarendi | 101.439 | 26 | 31 | 640 | 90 | 768 |
| Hlíðarberg | 106.906 | 28 | 35 | 765* | 106 | 873 |
| Vesturkot | 92.488 | 26 | 29 | 631 | 84 | 688 |
| Smáralundur | 76.349 | 16 | 19 | 504 | 57 | 477 |
| Hvammur | 124.426 | 36 | 44 | 871* | 118 | 1.015 |
| Stekkjarás | 179.534 | 51 | 58 | 1.449 | 172 | 1.443 |
| Hraunvallaleikskóli | með skóla | 42 | 45 | 1.100 | 162 | 1.355 |
| Hörðuvellir | 116.609 | 25 | 29 | 699 | 86 | 698 |
| Tjarnarás | 105.055 | 23 | 29 | 694 | 92 | 746 |
| Álfasteinn | 107.949 | 22 | 26 | 700 | 81 | 689 |
| Hjalli** | 151.629 | | | 1.260 | 145 | |
| Bjarmi** | 43.029 | | | 169 | 24 | |
| Hamravellir** | 116.783 | | | 812* | 119 | |
| Börn í leikskólum utan Hafnarfjarðar | 27.476 | | | | 18 | |

*Fjöldi fermetra með lausum kennslustofum

**Leikskólar með þjónustusamning

| Grunnskólar | Skipting fjármagns* | Fjöldi stöðugilda | Fjöldi starfsmanna | Fjöldi fermetra* | Fjöldi fermetra íþrótta húsa skóla | Fjöldi nemenda |
|--|---------------------|-------------------|--------------------|------------------|------------------------------------|----------------|
| Hvaleyrarskóli | 421.707 | 60 | 74 | 6.618 | | 441 |
| Öldutúnsskóli | 491.223 | 79 | 112 | 6.868 | | 516 |
| Víðistaðaskóli og Víðistaðaskóli í Engidal | 666.526 | 102 | 131 | 12.722 | 1.100 | 654 |
| Setbergsskóli | 481.289 | 77 | 99 | 6.557 | 900 | 470 |
| Hraunvallaskóli | 663.415 | 85 | 102 | 7.552 | 750 | 640 |
| Áslandsskóli | 498.142 | 59 | 66 | 6.302 | | 504 |
| Lækjarskóli | 634.121 | 87 | 108 | 6.878** | 1.639*** | 449 |
| Barnaskóli Hjallastefnunar**** | 89.506 | | | 400 | | 92 |

*Skipting fjármagns án heilsdagsskóla en fermetrafjöldi með heilsdagsskóla

** með fjölgreinadeild

***með sundlaug

****grunnskóli með þjónustusamning

| Önnur fræðslustarfsemi / stoðþjónusta | Skipting fjármagns | Fjöldi stöðugilda | Fjöldi starfsmanna | Fjöldi fermetra | Fjöldi nemenda |
|---------------------------------------|--------------------|-------------------|--------------------|-----------------|----------------|
| Skólaskrifstofa | 110.885 | 15 | 18 | 838 | |
| Menntasetrið | 23.671 | 3 | 4 | 1.648 | 1.380 |
| Tónlistarskóli (ásamt Tónkvísl) | 206.062 | 36 | 61 | 1.814 | 610 |

| Heilsdagsskóli | Fjöldi stöðugilda | Fjöldi starfsmanna | Fjöldi fermetra | Fjöldi nemenda | Dvalarstundir á viku |
|-----------------|-------------------|--------------------|-----------------|----------------|----------------------|
| Hvaleyrarskóli | 1,9 | 5 | 140 | 60 | 683 |
| Öldutúnsskóli | 2,2 | 5 | 131 | 96 | 1.036 |
| Víðistaðaskóli | 2,4 | 5 | 140 | 49 | 625 |
| Engidalsskóli | 2,4 | 4 | 120 | 38 | 525 |
| Setbergsskóli | 3,2 | 7 | 236 | 75 | 837 |
| Hraunvallaskóli | 8,0 | 16 | 150 | 136 | 1.607 |
| Áslandsskóli | 3,3 | 10 | 140 | 83 | 902 |
| Lækjarskóli | 4,1 | 8 | 150 | 95 | 1.335 |

Árangursmælingar fræðsluviðs

| | Árangursmælikvarðar | Raun 2009 | Raun 2010 | Markmið 2011 |
|--|---|-----------|-----------|--------------|
| Fjármál | Frávik frá fjárhagsáætlun | -12,48% | | <0.5% |
| | Virkt fjármálaeftirlit, mánaðarleg uppgjör á sviðsstjóra/stjórnendum | 10 | 12 | 12 |
| Mannauður | Hlutfall símenntunaráætlana sem fá A (gæði, uppbygging, framgangur) | 83% | 83% | >80% |
| | Hlutfall ánægðra starfsmanna með starf sitt* | | 88% | >86% |
| | Hlutfall ánægðra starfsmanna með stjórnun vinnustaðar* | | 77% | 85% |
| | Hlutfall starfsmanna sem þekkja starfsáætlun og stefnu vinnustaðar* | | 83% | 90% |
| | Hlutfall starfsmanna sem telur að upplýsingastreymi sé gott* | | 66% | 85% |
| | Hlutfall starfsmanna með virka símenntunaráætlun sl. ár* | | 89% | 90% |
| Ferli | Hlutfall starfsmanna sem fer í starfsmannasamtal* | | 91% | 100% |
| | Virkt vefsvæði (uppfært amk. 1 sinni í viku) | 100% | 100% | 100% |
| | Hlutfall starfsmanna sem fer á Lækinn til að fylgjast með og sækja upplýsingar* | | 24% | 60% |
| | Gæði starfsáætlunar (gæði, uppbygging, framgangur) | A | A | A |
| | Hlutfall stofnana með skráð umbótaverkefni og ferli | 100% | | 100% |
| Hlutfall starfsmanna ánægðir með þverfaglega samvinnu* | | 38% | >80% | |
| Þjónusta | Fjöldi þjónustubátta sem hægt er að sækja um rafrænt | 5 | 17*** | 6 |

*Viðkomandi mælikvarðar koma úr árlegum vinnustaðagreiningum,

**Árlegt mat starfs- og símenntunaráætlana

***Umsóknir sem eru að fullu rafrænar

Helstu áherslur fræðslumála 2012 – 2014

Á næstu misserum verður leitast við að halda við þeirri hagræðingu sem næst með áætlun 2011 án þess að það komi niður á þeirri mikilvægu grunnþjónustu bæjarins sem sinnt er á sviðinu.

Leik- og grunnskólanemendum verður áfram tryggð góð þjónusta í samræmi við lög, reglugerðir og samþykktir bæjarins.

3.7 Menningarmál

Menningarmál tilheyra fjölskyldusviði. Fjárheimildir til menningar- og ferðamála koma fram í töflu um rekstrar- kostnað málaflokksins hér að neðan. Hagræðing í málaflokknum byggir á endurskoðun á opnunartíma þjónustustofnana, greiningu á mannaflapörf og þjónustustigi.

| Menningarmál | |
|--------------------------|-----------|
| Tekjur: | |
| þjónustugjöld | 23.250 |
| Samtals tekjur | 23.250 |
| Gjöld: | |
| Laun og launatengd gjöld | 117.297 |
| Annar rekstrarkostnaður | 177.048 |
| Samtals gjöld | 294.345 |
| Rekstrarniðurstaða | (271.095) |

| Lykiltölur í menningarstofnunum | Skipting fjármagns | Fjöldi stöðugilda | Fjöldi starfsmanna | Fermetrar | 2009* | 2010** |
|--|--------------------|-------------------|--------------------|-----------|---------|---------|
| Bókasafn | 106.230 | 15 | 29 | 1.609 | | |
| Fjöldi safngesta | | | | | 206.876 | 191.992 |
| Heildarútlán | | | | | 459.485 | 422.393 |
| Þeir sem nýta sér upplýsingaþjónustu í síma | | | | | 5.540 | 5.082 |
| Þeir sem nýta sér upplýsingaþjónustu á netinu | | | | | 21.796 | 16.916 |
| Hafnarborg | 69.830 | 4 | 8 | 2.126 | | |
| Fjöldi safngesta | | | | | 54.600 | 57.350 |
| Fjöldi nemenda með leiðsögn | | | | | 2.150 | 4.075 |
| Fjöldi myndlistarsýninga | | | | | 11 | 10 |
| Fjöldi viðburða (tónleikar, leiðsagnir, fyrirlestrar ofl.) | | | | | 45 | 53 |
| Byggðasafn*** | 39.749 | 3 | 7 | 1.413 | | |
| Fjöldi safngesta | | | | | 19.554 | 19.005 |
| Fjöldi sýninga (með Strandsstígssýningu) | | | | | 10 | 11 |
| Fjöldi fyrirlestra, söguganga | | | | | 1 | 3 |
| Skrifstofa menningarmála | 8.337 | 2 | 2 | 143**** | | |
| Fjöldi árlegra viðburða | | | | | 7 | 7 |
| Fjöldi styrkumsókna | | | | | 48 | 43 |
| Fjöldi veittra menningarstyrkja | | | | | 24 | 29 |

* Lykiltölur frá 1. janúar - 31. desember 2009

**Lykiltölur frá 1.janúar - 1. desember 2010

***Byggðasafnið er opið á sumrin en einungis um helgar á veturnum

****Skrifstofa menningarmála/byggðasafns

Helstu áherslur menningarmála 2012 – 2014

Áætlað er að framhaldið verði skoðun á fyrirkomulagi þjónustunnar, meðal annars verði hugmyndum um Hafnarfjarðarstofu hrint í framkvæmd. Áfram verði gætt aðhalds í öllum rekstri og ekki gert ráð fyrir nýrri þjónustu á tímabilinu. Umfang starfsemi verði skoðað í tengslum við almenna þróun í tekjum bæjarins

3.8 Æskulýðs- og íþróttamál

Æskulýðs- og íþróttamál tilheyra fjölskyldusviði. Fjárheimildir til æskulýðs og íþróttamála koma fram í töflu um rekstrarkostnað málflokksins hér að neðan. Þær hagræðingaraðgerðir sem liggja til grundvallar í rekstri ársins byggja á ítarlegri þarfa- og hlutverkagreiningu. Áætlað er að endurskoðun á stjórnslu innan málaflokksins leiði til fjárhagslegs ávinnings og einföldunar. Opnunartími íþróttamannvirkja verður endurskoðaður sem og hlutverk hvers þeirra um sig innan þjónustukeðjunnar. Regluverkinu í kringum niðurgreiðslu æfingagjalda verður breytt, meðal annars með því að þær munu nú hefjast við 6 ára aldur.

Gert er ráð fyrir að sömu meginkröfur um hagræðingu sem gerðar eru til stofnana í rekstri bæjarins verði gerðar til reksturs á vegum íþróttahreyfingarinnar.

Samningar bæjarfélagsins við íþróttahreyfinguna verða teknir til allsherjarendurskoðunar á árinu.

| Æskulýðs og íþróttamál | | |
|--------------------------|--------------------|-------------|
| Tekjur: | | |
| Þjónustugjöld | | 350.385 |
| | Samtals tekjur | |
| Gjöld: | | |
| Laun og launatengd gjöld | | 465.063 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 1.146.553 |
| | Samtals gjöld | 1.611.616 |
| | Rekstrarniðurstaða | (1.261.231) |

| Fjölskyldusvið | Skipting fjármagns | Fjöldi stöðugilda | Fjöldi starfsmanna | Fermetrar |
|----------------|--------------------|-------------------|--------------------|-----------|
| Íþróttamál | | 51 | 62 | 16.346 |
| Æskulýðsmál | | 35 | 95 | |

| Æskulýðsmál | Stöðu- gildi | Starfs- menn | Fastar opnanir | Miðeild | Dagstarf | Stærri viðburðir | Sameigin- legir viðburðir félagsm. |
|------------------------------|-----------------|-----------------|-------------------|---------|------------|---------------------|---|
| Aldan (Öldutúnsskóli) | 4 | 8 | 3.000 | 800 | Ekki talið | 450 | |
| Ásinn* (Áslandsskóli) | 5 | 11 | 3.200 | 750 | 12.000 | 350 | |
| Mosinn* (Hraunvallaskóli) | | | 4.685 | 1.685 | 9.800 | 200 | |
| Vitinn (Lækjarskóli) | 3 | 9 | 2.400 | 520 | 4.000 | 720 | |
| Verið (Hvaleyrarskóli) | 3 | 6 | 2.750 | 1.090 | Ekki talið | 400 | |
| Setrið (Setbergsskóli) | 4 | 10 | 5.080 | 960 | 6.030 | 150 | |
| Hraunið (Víðistaðaskóli) | 2 | 8 | 5.200 | 2.900 | 9.600 | 2.500 | |
| Samfélagshús | 3 | 7 | 2.990 | | | | |
| Músik og mótör | 2 | 7 | 1.350 | | | | |
| Vinnuskóli leiðbeinendur | 6 | 22 | | | | | |
| Skrifstofa æskulýðsmála | 3 | 7 | | | | | 3.700 |

*Sameiginlegur rekstur Ássins og Mosans

| Íþróttamál | Fjöldi stöðugilda | Fjöldi starfsmanna | Fermetrar | Aðsókn 2009* | Aðsókn 2010** |
|--------------------------------|-------------------|--------------------|-----------|--------------|---------------|
| Skrifstofa íþróttafulltrúa | 3 | 3 | | | |
| Íþróttahús Strandgötu | 5 | 6 | 2.580 | 180.149 | |
| Íþróttamiðstöðin Björk | 5 | 5 | 1.190 | 90.841 | |
| Sundhöllin | 7 | 7 | 864 | 59.627 | 48.058 |
| Suðurbæjarlaug | 12 | 18 | 3.140 | 163.423 | 152.514 |
| Ásvallalaug | 19 | 23 | 6.933 | 227.355 | 163.985 |
| Lækjarskólalaug | | | 1.639 | 31.930 | |
| Íþróttamiðstöðin Kaplakrika*** | | | 3.008 | 387.237 | |
| Íþróttamiðstöðin Ásvöllum*** | | | 3.929 | 472.837 | |
| Reiðskemma Sörla*** | | | 1.146 | | |
| Golfskáli Keilis*** | | | 390 | | |
| Siglingaklúbburinn Þyrtur*** | | | 358 | | |

*1. jan.-31. des. 2010

**Aðsókn 1. janúar - 1. nóv. 2010

***Húsnæði að hluta til í eigu bæjarins

| Lykiltölur íþróttamála | 2009 | 2010 |
|---|-----------|-------|
| Aðsókn í öll íþróttahús | 1.341.982 | |
| Aðsókn í allar sundlaugar | 482.335 | |
| Fjöldi íþrótt- og tómstundastyrkja til ungmenna 2-16 ára | | 7.604 |
| Fjöldi niðurgreiddra íþrótt- og tómstundastyrkja 2-16 ára | | 8.997 |

Helstu úherslur æskulýðs- og íþróttamála 2012 – 2014

Á tímabilinu er gert ráð fyrir að lokið verði við rækilega og gagngera endurskoðun á fjármálalegum tengslum bæjarins og íþróttahreyfingarinnar þannig að nýtt fyrirkomulag taki gildi á árinu 2012.

Starfsemi vegna æskulýðsmála verður í stöðugri skoðun, þar á meðal tengslin við skólakerfið.

Stefnt verður að því að kostnaður vaxi ekki fram úr því hlutfalli sem hann er áætlaður árið 2011.

3.9 Brunamál og almannavarnir

Á málaflokkinn er áætlað framlag til Slökkviliðs höfuðborgarsvæðisins bs., innri leiga á húsnæði sem Björgunar-sveit Hafnarfjarðar hefur til afnota og þjónustusamningur við sama félag.

| Brunamál og almannavarnir | |
|---------------------------|--------------------|
| Tekjur: | |
| Þjónustugjöld | |
| | Samtals tekjur |
| Gjöld: | |
| Laun og launatengd gjöld | |
| Annar rekstrarkostnaður | 144.640 |
| | Samtals gjöld |
| | Rekstrarniðurstaða |
| | 144.640 |

3.10 Hreinlætismál

Fjárheimildir til hreinlætismála lækka verulega á milli ára þar sem ákveðið hefur verið að þjónusta við sorphirðu og eyðingu standi undir sér. Eingöngu stendur eftir áætlað framlag til heilbrigðiseftirlits að fjárhæð kr. 10,2 m.kr.

| Hreinlætismál | |
|--------------------------|--------------------|
| Tekjur: | |
| Þjónustugjöld | 179.812 |
| | Samtals tekjur |
| | 179.812 |
| Gjöld: | |
| Laun og launatengd gjöld | |
| Annar rekstrarkostnaður | 190.012 |
| | Samtals gjöld |
| | 190.012 |
| | Rekstrarniðurstaða |
| | (10.200) |

3.11 Skipulags- og byggingarmál

Fjárheimildir til sviðsins lækka og verða um 86.7 m.kr. Dregið verður úr launakostnaði, aðkeyptri sérfræðipjónustu og rekstrarkostnaði.

Líkur benda til að á árinu 2011 verði uppbygging áfram hæg og lítil þörf fyrir að skipuleggja nýbyggingarsvæði. Aðkeypt vinna verður því minni en fyrri ár og verkefni við skipulag eldri hverfa nær eingöngu unnin af starfsfólki sviðsins. Þar sem yfirferð byggingarleyfa og úttektir hafa minnkað frá þensluárunum, hefur áður aðkeypt vinna við lokaúttektir verið færð inn á sviðið.

| Skipulags- og byggingarsvið | | |
|-----------------------------|--------------------|----------|
| Tekjur: | | |
| Þjónustugjöld | | 26.850 |
| | Samtals tekjur | 26.850 |
| Gjöld: | | |
| Laun og launatengd gjöld | | 77.265 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 36.320 |
| | Samtals gjöld | 113.585 |
| | Rekstrarniðurstaða | (86.735) |

| | Fjármagn | Stöðugildi | Starfsmenn | Fermetrar |
|---|----------|------------|------------|-----------|
| Skrifstofa skipulags- og byggingarsviðs | 80.377 | 13 | 13 | 173 |

| Lykiltölur skipulags- og byggingarmála | 2009 | 2010 |
|--|------|------|
| Aðalskipulagsbreytingar | 2 | 3 |
| Nýtt deiliskipulag | 4 | 2 |
| Auglýst deiliskipulag | 7 | 6 |
| Grenndarskipulag | 15 | 11 |
| Byggingaleyfi | 212 | 167 |

Árangursmælingar skipulags- og byggingarsviðs

| | Árangursmælikvarðar | Raun 2009 | Raun 2010 | Markmið 2011 |
|-----------|--|-----------|-----------|--------------|
| Fjármál | Frávik frá fjárhagsáætlun | -24,42% | | <0.5% |
| | Virkt fjármálaeftirlit, mánaðarleg uppgjör á sviðsstjóra/stjórnendum | 12 | 12 | 12 |
| Mannauður | Gæði símenntunaráætlana (gæði, uppbygging, framgangur) | B | A | A |
| | Hlutfall ánægðra starfsmanna með starf sitt* | | 92% | >86% |
| | Hlutfall ánægðra starfsmanna með stjórnun vinnustaðar* | | 69% | 85% |
| | Hlutfall starfsmanna sem þekkja starfsáætlun og stefnu vinnustaðar | | 73% | 90% |
| | Hlutfall starfsmanna sem telur að upplýsingastreymi sé gott* | | 55% | 85% |
| | Hlutfall starfsmanna með virka símenntunaráætlun sl. ár* | 71% | 83% | 90% |
| Ferli | Hlutfall starfsmanna sem fer í starfsmannasamtal* | 61% | 49% | 100% |
| | Virkt vefsvæði (uppfært amk. 1 sinni í viku) | 95% | 95% | 100% |
| | Hlutfall starfsmanna sem fer á Lækinn til að fylgjast með og sækja upplýsingar | | 69% | 60% |
| | Gæði starfsáætlunar (gæði, uppbygging, framgangur)** | A | A | A |
| | Hlutfall stofnana með skráð umbótaverkefni og ferli | | | 100% |
| | Hlutfall starfsmanna ánægðir með þverfaglega samvinnu | | 61% | >80% |
| Þjónusta | Fjöldi þjónustubátta sem hægt er að sækja um rafrænt | 5 | 5*** | 6 |

*Viðkomandi mælikvarðar koma úr árlegum vinnustaðagreiningum,

**Árlegt mat starfs- og símenntunaráætlana

***Umsóknir sem eru að fullu rafrænar

Helstu úherslur skipulags- og byggingarmála 2012 – 2014

Gera má ráð fyrir að núverandi ástand á byggingarmarkaði sé tímabundið og umsvif muni aukast aftur á tímabilinu.

3.12 Umferðar- og samgöngumál

Á þessum málaflokk er áætlað rekstrarframlag til Strætó bs. í samræmi við samþykka fjárhagsáætlun félagsins og innri leiga gatna. Á meðal fjárfestinga er fært 15,5 m.kr. stofnframlag til Strætó bs.

| Umferðar og samgöngumál | |
|--------------------------|-----------|
| Tekjur: | |
| Þjónustugjöld | 550 |
| Samtals tekjur | 550 |
| Gjöld: | |
| Laun og launatengd gjöld | |
| Annar rekstrarkostnaður | 424.597 |
| Samtals gjöld | 424.597 |
| Rekstrarniðurstaða | (424.047) |

3.13 Umhverfismál

Á árinu 2011 er enn dregið úr kostnaði vegna umhverfismála og nema fjárheimildir ársins 31 m.kr.

| Umhverfismál | |
|--------------------------|--------|
| Tekjur: | |
| Þjónustugjöld | |
| Samtals tekjur | |
| Gjöld: | |
| Laun og launatengd gjöld | |
| Annar rekstrarkostnaður | 31.483 |
| Samtals gjöld | 31.483 |
| Rekstrarniðurstaða | 31.483 |

3.14 Atvinnumál

Undir þessum málaflokki er áætlaður kostnaður vegna atvinnumiðstöðvar, Frístundabílsins, Kveikjunnar og gert er ráð fyrir áframhaldandi starfi í Deigluinni. Gert er ráð fyrir að starfsemi Kveikjunnar verði flutt í húsnæði bæjarins á árinu 2011 og leigusamningum við þriðja aðila sagt upp. Áætlun vegna ferðamála er óbreytt á milli ára. Að þessu sinni er ekki gert ráð fyrir kostnaði vegna sérstakra atvinnuátaka.

3.15 Sameiginlegur kostnaður

Unnið er að skipulagsbreytingum á aðalskrifstofu, stjórnarsýslu- og fjármálasviði sem koma til framkvæmda á árinu 2011. Áætlun á milli ára lækkar um kr. 103 m.kr. sem skýrist fyrst og fremst af lægri launakostnaði, lækkun lífeyrisskuldbindinga, aðhaldi í almennum rekstri og betri nýtingu húsnæðis.

| Aðalskrifstofa og stjórnarsýslu- og fjármálasvið | |
|--|-----------|
| Tekjur: | |
| Þjónustugjöld | 52.500 |
| Samtals tekjur | 52.500 |
| Gjöld: | |
| Laun og launatengd gjöld | 532.870 |
| Annar rekstrarkostnaður | 286.597 |
| Samtals gjöld | 819.467 |
| Rekstrarniðurstaða | (766.967) |

| | Fjöldi stöðugilda | Fjöldi starfsmanna | Fermetrar |
|----------------------|-------------------|--------------------|-----------|
| Ráðhús | | | 1.379 |
| Bæjarskrifstofa | 25 | 27 | |
| Fjarreiðudeild | 4 | 4 | |
| Tölvudeild | 5 | 5 | |
| Þjónustuver | 6 | 7 | |
| Starfsmannakostnaður | 7 | 7 | |

| Lykiltölur | 2009* | 2010 |
|---|---------|---------|
| Íbúar | 25.896 | 26.094 |
| Ferkílómetrar bæjarlands | 147.000 | 147.000 |
| Fjöldi fasteigna í eigu bæjarins | | 301 |
| þar af þjónustustofnanir (skrifstofur, skólar, menningar- og íþróttamannvirki | | 72 |
| þar af leiguíbúðir | | 229 |
| Fermetrar fasteigna í eigu bæjarins | | 132.000 |
| Stofnanir í rekstri bæjarins | 47 | 47 |
| Stofnanir bæjarins með árangurssamning | 25 | 25 |
| Stofnanir reknar samkvæmt þjónustusamningi | 5 | 5 |
| Byggðasamlög og Heilbrigðiseftirlit | 4 | 4 |
| | | |
| Starfsmenn (tölur frá 1. janúar - 1. október) | 1.745 | 1.763 |
| Stöðugildi starfsmanna (tölur frá 1. janúar - 1. október) | 1.299 | 1.328 |
| Launaseðlar (1. janúar-1. desember) | 25.783 | 23.051 |
| Vinnuskóli + önnur sumarstörf (1. júní - 31. ágúst 2010) | 918 | 1.501 |
| Fjöldi ráða, nefnda og stjórna | 29 | 27 |
| Bæjarfulltrúar | 11 | 11 |
| | | |
| Virkir innkaupasamningar | 43 | 51 |
| Tæki, tölvur og prentarar | 1.250 | 1.270 |
| Netföng | 1.414 | 2.014 |
| Virkir fastlínusímar | | 338 |
| Virkir GSM símar | | 220 |
| | | |
| Heimsóknir á heimasíðu Hafnarfjarðar (Tölur frá 1. janúar-1. nóvember) | 360.000 | 301.397 |
| Fréttir á heimasíðu Hafnarfjarðar (Tölur frá 1. janúar - 1. nóvember) | 577 | 561 |
| Fjöldi notenda rafrænnar íbúagáttar | 4.371 | 5.585 |
| Fjöldi rafrænna umsóknareyðublaða | 33 | 36 |
| Fjöldi ferðamanna í þjónustuver (1. janúar- 1. nóvember) | 1.474 | 810 |
| Flutningstilkynningar (Tölur frá 1. janúar - 1. nóv.) | 1.253 | 1.130 |
| Mál sem skráð eru í málaskrárkerfið (Tölur frá 1. janúar - 1. nóvember) | 6.351 | 7.556 |
| þar af aðsend erindi í málaskrárkerfi | 5.747 | 7.113 |
| þar af innanhúss erindi | 604 | 443 |
| | | |
| Fjölmíðlaumfjöllun um Hafnarfjörð (1. janúar-1. nóvember) | 1.329 | 1.382 |
| þar af jákvæðar (31,5%) | 419 | 202 |
| þar af hlutlausar (62,1%) | 825 | 407 |
| þar af neikvæðar (6,4%) | 85 | 39 |
| þar af ekki í greiningu | | 685 |

*Tölur frá 1. janúar - 31. desember 2009

*Tölur frá 1. jan.-1. des

**Tölur frá 1. jan. - 1. nóv.

Árangursmælingar Aðalskrifstofu og stjórnsýslu- og fjármálasviðs

| | Árangursmælikvarðar | Raun 2009 | Raun 2010 | Markmið 2011 |
|-----------|---|--------------|--------------|-----------------|
| Fjármál | Frávik frá fjárhagsáætlun | -28,62% | | <0.5% |
| | Virkt fjármálaeftirlit, mánaðarleg uppgjör á sviðsstjóra/stjórnendur | 10 | 12 | 12 |
| Mannauður | Gæði símenntunaráætlana (gæði, uppbygging, framgangur) | A | A | A |
| | Hlutfall ánægðra starfsmanna með starf sitt* | | 91% | >86% |
| | Hlutfall ánægðra starfsmanna með stjórnun vinnustaðar* | | 69% | 85% |
| | Hlutfall starfsmanna sem þekkja starfsáætlun og stefnu vinnustaðar* | | 73% | 90% |
| | Hlutfall starfsmanna sem telur að upplýsingastreymi sé gott* | | 62% | 85% |
| | Hlutfall starfsmanna með virka símenntunaráætlun sl. ár* | 71% | 83% | 90% |
| Ferli | Hlutfall starfsmanna sem fer í starfsmannasamtal* | 61% | 49% | 100% |
| | Virkt vefsvæði (uppfært amk. 1 sinni í viku) | 95% | 100% | 100% |
| | Hlutfall starfsmanna sem fer á Lækinn til að fylgjast með og sækja upplýsingar* | | 69% | 60% |
| | Gæði starfsáætlunar (gæði, uppbygging, framgangur) | A | A | A |
| | Hlutfall stofnana með skráð umbótaverkefni og ferli | 100% | 100% | 100% |
| Þjónusta | Hlutfall starfsmanna ánægðir með þverfaglega samvinnu* | | 61% | >80% |
| | Fjöldi þjónustubátta sem hægt er að sækja um rafrænt | 1 | 2*** | 6 |

*Viðkomandi mælikvarðar koma úr árlegum vinnustaðagreiningum,

**Árlegt mat starfs- og símenntunaráætlana

***Umsóknir sem eru að fullu rafrænar

Helstu áherslur fyrir sameiginlegan kostnað 2012 – 2014

Aðgerðir á árunum 2012-2014 munu miða að því að styrkja enn frekar fjárhagslega stöðu bæjarins, minnka skuldsetningu og koma á enn betra jafnvægi í rekstri, sem nánar verður útfært í fjárhagsáætlun bæjarins fyrir hvert ár.

3.16 Eignasjóður

Eignasjóður tilheyrir framkvæmdasviði. Samkvæmt fjárhagsáætlun fyrir árið 2011 lækka fjárheimildir og verða í samræmi við töflu hér að neðan.

Hér kemur meðal annars til lækkun vegna færri rekstrarleigusamninga á bílum, hagræðingar í sópun gatna, slætti á opnum svæðum, uppsögn trygginga eins og húseigendatrygginga og breytinga í mannahaldi. Ekki hefur verið farið í frekari niðurskurð á viðhaldsliðum er varða fasteignir, götur, stíga og opin svæði enda fjármagn í þessa liði af skornum skammti og viðbúið að þeir þurfi að hækka þegar fram líða stundir.

Í framkvæmdaráði er verið að vinna að framkvæmdaáætlun fyrir árin 2011-2014, sem verður forgangsröðuð miðað við þörf og fjármagn hverju sinni.

| Eignasjóður | Fjárhæðir í m.kr. | | | |
|---------------------------|-------------------|-------------|-------------|-------------|
| | Áætlun 2011 | Áætlun 2012 | Áætlun 2013 | Áætlun 2014 |
| Rekstrarreikningur | | | | |
| Tekjur | 2.051 | 2.215 | 2.215 | 2.215 |
| Gjöld | (855) | (847) | (875) | (875) |
| Afskriftir | (560) | (560) | (560) | (560) |
| Fjármagnsliðir | (635) | (792) | (798) | (704) |
| Rekstrarniðurstaða | 1 | 15 | (19) | 75 |
| Efnahagsreikningur | | | | |
| Eignir | 25.314 | 24.754 | 24.194 | 23.634 |
| Eigið fé | (3.589) | (3.573) | (3.592) | (3.517) |
| Skuldir | 28.903 | 28.328 | 27.787 | 27.152 |
| Sjóðstreymi | | | | |
| Veltufé frá rekstri | 66 | 133 | 140 | 147 |
| Fjárfestingar | | | | |

| Eignasjóður | | |
|--------------------------|--------------------|-----------|
| Tekjur: | | |
| Þjónustugjöld | | 2.050.585 |
| | Samtals tekjur | 2.050.585 |
| Gjöld: | | |
| Laun og launatengd gjöld | | 280.378 |
| Annar rekstrarkostnaður | | 574.949 |
| Afskriftir | | 560.000 |
| Fjármagnsliðir | | 634.741 |
| | Samtals gjöld | 2.050.068 |
| | Rekstrarniðurstaða | 517 |

| | Skipting fjármagns | Fjöldi stöðugilda | Fjöldi starfsmanna | Fermetrar húsnæðis |
|-----------------|--------------------|-------------------|--------------------|--------------------|
| Framkvæmdasvið | | 20 | 20 | 445 |
| Þjónustumiðstöð | | 22 | 22 | 1.946 |
| Átaksverkefni | | 2 | 8 | |

| Samanteknar magntölur 2010 | Fermetrar | Stk. | Hektarar |
|----------------------------|-----------|-------|----------|
| Land | | | |
| Byggðar lóðir | | 4.505 | |
| Tilbúnaðar lóðir | 737.244 | 404 | |
| Framtíðarbyggingarsvæði | | | 210 |
| Upplandið/útivist | | | 3.880 |
| Krýsuvík | | | 4.600 |

| Samanteknar magntölur 2010 | Fermetrar | Stk. |
|-------------------------------|-----------|------|
| Fasteignir-stofnaloðir | | |
| Stofnaloðir | 528.911 | |
| Útisvæði | 977.462 | |
| Grunnskólar | 62.896 | 11 |
| Leikskólar/gæsluvellir | 10.566 | 17 |
| Íþróttamannvirki | 33.230 | 10 |
| Ráðhús/söfn/þjónustub. | 21.101 | 34 |
| Húsnæðisskrifstofa | 19.370 | 229 |

| Samanteknar magntölur 2010 | Metrar | Fermetrar | Stk. | Hektarar |
|----------------------------------|---------|-----------|------|----------|
| Gatnamannvirki-opin svæði | | | | |
| Götur | 127.337 | | | |
| Stéttar/stígar | 166.212 | | | |
| Bílastæði | | 34.692 | | |
| Hringtorg | | | 37 | |
| Grassláttur opinna svæða | | | 13 | 61 |
| Hindranir | | | 219 | |
| Leikvellir | | | 65 | |

Árangursmælingar framkvæmdasviðs

| | Árangursmælikvarðar | Raun 2009 | Raun 2010 | Markmið 2011 |
|--|--|--------------|--------------|-----------------|
| Fjármál | Frávik frá fjárhagsáætlun | +3% | | <0.5% |
| | Virkt fjármálaeftirlit, mánaðarleg uppgjör á sviðsstjóra/stjórnendum | 10 | 12 | 12 |
| Mannauður | Gæði símenntunaráætlana (gæði, uppbygging, framgangur) | B | A | A |
| | Hlutfall ánægðra starfsmanna með starf sitt* | | 78% | >86% |
| | Hlutfall ánægðra starfsmanna með stjórnun vinnustaðar* | | 44% | 85% |
| | Hlutfall starfsmanna sem þekkja starfsáætlun og stefnu vinnustaðar* | | 38% | 90% |
| | Hlutfall starfsmanna sem telur að upplýsingastreymi sé gott* | | 38% | 85% |
| | Hlutfall starfsmanna með virka símenntunaráætlun sl. ár* | | 48% | 90% |
| Ferli | Hlutfall starfsmanna sem fer í starfsmannasamtal* | | 24% | 100% |
| | Virkt vefsvæði (uppfært amk. 1 sinni í viku) | 100% | 100% | 100% |
| | Hlutfall starfsmanna sem fer á Lækninn til að fylgjast með og sækja upplýsingar* | | 28% | 60% |
| | Gæði starfsáætlunar (gæði, uppbygging, framgangur) | A | A | A |
| | Hlutfall stofnana með skráð umbótaverkefni og ferli | 100% | | 100% |
| Hlutfall starfsmanna ánægðir með þverfaglega samvinnu* | | 54% | >80% | |
| Þjónusta | Fjöldi þjónustubátta sem hægt er að sækja um rafrænt | 5 | 1*** | 6 |

*Viðkomandi mælikvarðar koma úr árlegum vinnustaðagreiningum,

**Árlegt mat starfs- og símenntunaráætlana

***Umsóknir sem eru að fullu rafrænar

Helstu áherslur Eignasjóðs 2012 – 2014

Miðað við núverandi efnahagsástand er ekki auðvelt að rýna í framtíðina. Ljóst er að áfram verður unnið í því að haræða í rekstri framkvæmdasviðsins og gera verkferli skilvirkari, bæði innan sviðs og utan.

3.17 GN eignir

GN eignir tilheyrr framkvæmdasviði og er félag um eignir sem keyptar voru af þrotabúi Nýsis á árinu 2009.

| GN eignir | Fermetrar fasteigna | Fermetrar lóða |
|-------------------------|---------------------|----------------|
| Lækjarskóli, grunnskóli | 6.578 | 18.669 |
| Lækjarskóli, íþróttahús | 1.639 | |
| Bjarkarhús | 2.083 | 8.202 |
| Álfasteinn | 700 | 5.176 |

| GN eignir | Fjárhæðir í m.kr. | | | |
|---------------------------|-------------------|-------------|-------------|-------------|
| | Áætlun 2011 | Áætlun 2012 | Áætlun 2013 | Áætlun 2014 |
| Rekstrarreikningur | | | | |
| Tekjur | 294 | 353 | 353 | 353 |
| Gjöld | (42) | (42) | (42) | (42) |
| Afskriftir | (38) | (38) | (38) | (38) |
| Fjármagnsliðir | (257) | (178) | (171) | (164) |
| Rekstrarniðurstaða | (43) | 95 | 102 | 109 |
| Efnahagsreikningur | | | | |
| Eignir | 3.708 | 3.670 | 3.632 | 3.594 |
| Eigið fé | (206) | (112) | (10) | 99 |
| Skuldir | 3.915 | 3.782 | 3.642 | 3.495 |
| Sjóðstreymi | | | | |
| Veltufé frá rekstri | 66 | 133 | 140 | 147 |
| Fjárfestingar | | | | |

3.18 Vatnsveita

Vatnsveita tilheyrir framkvæmdasviði. Sé litið til rekstraráætlunar sem unninn var á Framkvæmdasviði fyrir árið 2010 er Vatnsveitan nokkurn veginn á því viðmiði sem þar var sett. Áætlanir fyrir rekstrarárið 2011 gera ráð fyrir að rekstrarkostnaður vegna veitunnar verði sambærilegur við það sem reiknað var með 2010 en til viðbótar kemur aukin þátttaka í rekstrarkostnaði framkvæmdasviðs.

Á árinu 2010 lauk framkvæmdum við 6.000 rúmmetra vatnsmiðlunartank sem mun auka öryggi í afhendingu á köldu vatni til bæjarbúa og fyrirtækja í Hafnarfirði.

| Vatnsveita | Áætlun 2011 | Áætlun 2012 | Áætlun 2013 | Fjárhæðir í m.kr. Áætlun 2014 |
|---------------------------|-------------|-------------|-------------|----------------------------------|
| Rekstrarreikningur | | | | |
| Tekjur | 351 | 351 | 351 | 351 |
| Gjöld | (-102) | (-102) | (-102) | (-102) |
| Afskriftir | (-46) | (-46) | (-46) | (-46) |
| Fjármagnsliðir | (-45) | (-28) | (-24) | (-21) |
| Rekstrarniðurstaða | 158 | 176 | 179 | 182 |
| Efnahagsreikningur | | | | |
| Eignir | 2.059 | 2.155 | 2.255 | 2.358 |
| Eigið fé | 1.322 | 1.498 | 1.677 | 1.859 |
| Skuldir | 736 | 657 | 578 | 499 |
| Sjóðstreymi | | | | |
| Veltufé frá rekstri | 218 | 222 | 225 | 228 |
| Fjárfestingar | | | | |

| | Skipting fjármagns | Stöðugildi | Starfsmenn | Fermetrar húsnæðis |
|------------|--------------------|------------|------------|--------------------|
| Vatnsveita | | 5 | 5 | 498 |

| Samanteknar magntölur 2010 | Metrar | Stk. | Milljónir tonna |
|----------------------------|---------|-------|-----------------|
| Vatnsveita | | | |
| Dreifilagnir | 137.000 | | |
| Magn selds kaldvatns | | | 1,2 |
| Stofnlagnir | 47.000 | | |
| Heimæðar | | 5.030 | |
| Dælustöðvar | | 4 | |
| Mæla- og lokabrunnar | | 12 | |
| Miðlunartankur | | 1 | |

Helstu áherslur Vatnsveitu 2012 – 2014

Í framkvæmdaráði er verið að vinna að framkvæmdaáætlun fyrir árin 2011-2014, sem verður forgangsröðuð miðað við þörf og fjármagn hverju sinni.

3.19 Fráveita

Fráveita tilheyrir framkvæmdasviði. Samkvæmt fjárhagsáætlun fyrir árið 2011 lækka fjárheimildir og verða í samræmi við töflu hér að neðan.

Horft verður til ýmissa verkefna svo sem hvernig má minnka þörf á fitulosunum úr kerfinu, hugsanlega fóðrun lagna ásamt lagfæringu á öðrum lögnum sem eru illa farnar. Ennfremur verður athugað með að leggja á sérstakt notkunargjald fráveitu sem meðal annars á að stuðla að því að fráveituvatn frá stórnotendum sé í samræmi við þær mengunarvarnir sem heyra undir viðkomandi starfsemi.

| Fráveita | Fjárhæðir í m.kr. | | | |
|---------------------------|-------------------|-------------|-------------|-------------|
| | Áætlun 2011 | Áætlun 2012 | Áætlun 2013 | Áætlun 2014 |
| Rekstrarreikningur | | | | |
| Tekjur | 450 | 495 | 495 | 495 |
| Gjöld | (115) | (121) | (131) | (131) |
| Afskriftir | (101) | (101) | (101) | (101) |
| Fjármagnsliðir | (151) | (190) | (182) | (173) |
| Rekstrarniðurstaða | 83 | 84 | 81 | 91 |
| Efnahagsreikningur | | | | |
| Eignir | 3.308 | 3.196 | 3.093 | 2.999 |
| Eigið fé | (554) | (470) | (389) | (299) |
| Skuldir | 3.863 | 3.667 | 3.482 | 3.298 |
| Sjóðstreymi | | | | |
| Veltufé frá rekstri | 221 | 185 | 182 | 191 |
| Fjárfestingar | | | | |

| | Skipting fjármagns | Stöðugildi | Starfsmenn | Fermetrar húsnæðis |
|----------|--------------------|------------|------------|--------------------|
| Fráveita | | 2 | 2 | 244 |

| Samanteknar magntölur 2010 | Metrar | Stk. |
|----------------------------|---------|------|
| Fráveita | | |
| Regnvatnslagnir | 91.341 | |
| Skólplagnir | 122.011 | |
| Dælustöðvar | | 3 |
| Miðlunartankur | | 1 |
| Hreinsistöð | | 1 |

Helstu áherslur Fráveitu 2012 – 2014

Í framkvæmdaráði er verið að vinna að framkvæmdaáætlun fyrir árin 2011-2014, sem verður forgangsröðuð miðað við þörf og fjármagn hverju sinni.

3.20 Húsnæðisskrifstofa

Húsnæðisskrifstofa tilheyrir framkvæmdasviði. Samkvæmt fjárhagsáætlun fyrir árið 2011 lækka fjárheimildir og verða í samræmi við töflu hér að neðan.

Gert er ráð fyrir að húsaleiga hækki um 15% í ársbyrjun 2011. Lækkunin kemur aðallega til vegna lækkunar á viðhaldsliðum, en erfitt er að áætla um viðhaldsliði þar sem húsfélög eru ráðandi varðandi viðhald utanhúss.

Innanhúsviðhald á eignum Húsnæðisskrifstofu við leigjendaskipti er í útboðsferli. Bent hefur verið á að takmarkaður sé eins og hægt er flutningur milli íbúða, enda um tvöfaldan kostnað að ræða þegar slíkt er heimilað. Áfram verður reynt að gera verklag skilvirkara.

| Húsnæðisskrifstofa | Fjárhæðir í m.kr. | | | |
|---------------------------|-------------------|-------------|-------------|-------------|
| | Áætlun 2011 | Áætlun 2012 | Áætlun 2013 | Áætlun 2014 |
| Rekstrarreikningur | | | | |
| Tekjur | 226 | 226 | 226 | 226 |
| Gjöld | (-119) | (-125) | (-125) | (-125) |
| Afskriftir | (-22) | (-22) | (-22) | (-22) |
| Fjármagnsliðir | (-89) | (-43) | (-42) | (-41) |
| Rekstrarniðurstaða | (-3) | 37 | 38 | 38 |
| Efnahagsreikningur | | | | |
| Eignir | 3.843 | 3.817 | 3.793 | 3.772 |
| Eigið fé | 1.512 | 1.549 | 1.586 | 1.625 |
| Skuldir | 2.331 | 2.268 | 2.207 | 2.148 |
| Sjóðstreymi | | | | |
| Veltufé frá rekstri | 63 | 58 | 59 | 60 |
| Fjárfestingar | 4 | 4 | 2 | 2 |

| Húsnæðisskrifstofa | Skipting fjármagns | Fjöldi leiguíbúða | Fermetrar leiguíbúða |
|--------------------|--------------------|-------------------|----------------------|
| Íbúðir | | 229 | 19.370 |

Helstu áherslur Húsnæðisskrifstofu 2012 – 2014

Gert er ráð fyrir óbreyttum rekstri á tímabilinu en leigusamningar við þriðja aðila endurskoðaðir.

3.21 Hafnarfjarðarhöfn

Tekjur hafnarinnar og gjöld eru öll samkvæmt áætlunum. Höfnin aflar tekna sinna með aðstöðu og þjónustu við viðskiptavinum sína.

Áætlað er að tekjur hafnarinnar aukist um 4% milli ára og verði 349 m.kr., rekstrargjöld lækki um 2% milli ára og verði 194 m.kr. Rekstrarframlegð eykst um 12% og verður 154 m.kr. Áætluð vaxtagjöld aukast milli ára og verða 19 m.kr. Liðirnir afskriftasjóður, afskriftir fastafjármuna og aukning lífeyrisskuldbindinga verða svipaðir milli ára. Hagnaður er áætlaður 55 m.kr. á móti 39 m.kr árið 2010. Ekki er áætlað fyrir gengisbreytingum.

Árið 2010 greiddi höfnin skuldir sínar niður um 500 m.kr. og er áætlað að greiða þær enn frekar niður um 100 m.kr. á árinu 2011. Ekki er gert ráð fyrir öðrum framkvæmdum en viðhaldi hafnarmannvirkja.

| Hafnarfjarðarhöfn | Fjárhæðir í m.kr. | | | |
|---------------------------|-------------------|-------------|-------------|-------------|
| | Áætlun 2011 | Áætlun 2012 | Áætlun 2013 | Áætlun 2014 |
| Rekstrarreikningur | | | | |
| Tekjur | 339 | 339 | 346 | 352 |
| Gjöld | (199) | (199) | (199) | (199) |
| Afskriftir | (65) | (65) | (65) | (65) |
| Fjármagnsliðir | (19) | (34) | (32) | (29) |
| Rekstrarniðurstaða | 56 | 40 | 49 | 59 |
| Efnahagsreikningur | | | | |
| Eignir | 3.034 | 3.000 | 2.936 | 2.892 |
| Eigið fé | 1.901 | 1.941 | 1.990 | 2.050 |
| Skuldir | 1.133 | 1.059 | 946 | 842 |
| Sjóðstreymi | | | | |
| Veltufé frá rekstri | 126 | 110 | 119 | 129 |
| Fjárfestingar | (48) | (21) | | |

| | Fjöldi stöðugilda | Fjöldi starfsmanna |
|-------------------|-------------------|--------------------|
| Hafnarfjarðarhöfn | 13,25 | 14 |

| Hafnargarðar | Metrar | Fermetrar | Rúmmetrar |
|--------------------------------|--------|-----------|-----------|
| Norðurgarður | | | 6.400 |
| Suðurgarður | | | 10.360 |
| Hvaleyrargarður | | | 216.000 |
| Grjótgarður til varnar hafnar. | | | 50.000 |
| Samtals | | | 282.760 |
| Bryggjur og viðlegur | 1.833 | | |
| Lóðir | | 399.488 | |

Helstu áherslur Hafnarfjarðarhafnar 2012 – 2014.

Gert er ráð fyrir svipuðum rekstrargjöldum, en tekjuaukningu með aukinni markaðssetningu. Fé til ráðstöfunar frá rekstri verður svipað og 2011, vegna hækkandi vaxtagjalda. Áætlað er að lækka skuldir hafnarinnar enn frekar, eða um 250 m.kr. á tímabilinu. Ekki er gert ráð fyrir stórfamkvæmdum á tímabilinu.

Lokaorð

Traust framtíð

Staðið við félagslegar og fjárhagslegar skuldbindingar

Rekstur sveitarfélaga hefur verið erfiður frá efnahags- og bankahruninu haustið 2008. Enn er mikil óvissa varðandi þróun efnahagslífnis næstu misserin og fátt sem bendir til að hraður viðsnúningur verði á næstu mánuðum.

Niðursveiflan í efnahagslífinu hefur haft mikil áhrif á rekstur sveitarfélaga, ekki síst á höfuðborgarsvæðinu, þar sem uppbyggingin var hröðust misserin fyrir hrun. Þess vegna hefur verið náíð samráð sveitarfélaganna á svæðinu aukist jafnt og þétt. Í sameiginlegri ályktun, sem samþykkt var á aðalfundi Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu 12. nóvember 2010, segir eftirfarandi:

„Sveitarfélögin á höfuðborgarsvæðinu glíma nú í þriðja sinn við það erfiða verkefni að ná saman raunhæfum fjárhagsáætlunum í skugga minnkandi tekna og vaxandi útgjalda vegna velferðarmála í kjölfar atvinnuleysis og almennt þengri stöðu íbúa og atvinnulífs.

Þrátt fyrir verulegan samdrátt og lækkun útgjalda á sl. 2 árum liggur fyrir að sveitarfélögin þurfa enn að leita leiða til að brúa bil sem nemur um 5 – 10% af skatttekjum þessa árs. Þetta verkefni kemur til viðbótar niðurskurði liðinna ára, og því ljóst að með frekari niðurskurði nú eru sveitarfélögin að nálgast endamörk þess sem þau einsettu sér við upphaf hruns, þ.e. að verja grunnþjónustuna og tryggja að ekki þurfi að koma til uppsagna starfsmanna þeirra.

Sveitarfélögunum er því lífsnauðsyn á að ekki komi til frekari skerðingar á þeim fjármunum sem þau hafa til ráðstöfunar og að þeim verði gert kleift að beita meiri sveigju og hagræðingu í rekstri. Aðgerðir og aðkoma ríkisvaldsins skiptir hér sköpum.

Aðalfundur SSH skorar því á ríkisstjórn og Alþingi að standa með sveitarfélögunum í þessu erfiða verkefni og raska ekki umfram það sem orðið er fjárhagslegri getu þeirra til að sinna sínu hlutverki.

Aðalfundurinn varar sérstaklega við og leggst gegn áformum um niðurfellingu á greiðslu ríkissjóðs til sveitarfélaganna vegna hækkunar tryggingargjalds og þátttöku í kostnaði vegna sérstakra húsaleigubóta.

Þá bendir aðalfundurinn á að sveitarfélögin munu ekki getað náð fram nauðsynlegri hagræðingu og lækkun kostnaðar nema til komi aukin sveigjanleiki í þeim lögum og reglum sem þeim er gert að starfa samkvæmt, s.s. varðandi rekstur grunnskóla og leikskóla.

Aðalfundurinn skorar því á þau ráðuneyti sem hlut eiga að máli að mæta brýnni þörf sveitarfélaganna til aukins sveigjanleika, og vinna með þeim að nauðsynlegum breytingum á fyrirliggjandi lögum, reglum og fyrirmælum sem nú standa í vegi fyrir því að nauðsynleg hagræðing náist.“

Engin áþreifanleg viðbrögð hafa borist frá ríkinu vegna þessa. Þess í stað, hafa verið teknar ýmsar ákvarðanir á vettvangi ríkisvaldsins, sem munu hafa í för með sér aukin útgjöld fyrir sveitarfélögin á næsta ári. Þar má meðal annars nefna, að niðurgreiðslu viðbótartryggingagjalds verður hætt á árinu 2011. Þetta þýðir 104 m.kr. kostnaðarauka fyrir bæjarsjóð á árinu.

Það er því ljóst, að þrátt fyrir að náðst hafi verulegur árangur í að hagræða í rekstri bæjarins, dugar það ekki til að mæta áframhaldandi tekjufalli, auknum útgjöldum til velferðarmála og þörf á endurfjármögnun lána á næstu þremur árum, sem eru að langstærstum hluta tilkomin vegna kostnaðar sem tengist lóðaskilum.

Við upphaf fjárhagsáætlunarvinnunnar var komið á virku samráði oddvita allra stjórnmalaflokkanna, sem eiga fulltrúa í bæjarstjórn Hafnarfjarðar. Í upphafi var sett það markmið, að ná þyrfti 1.200 m.kr. hagræðingu, til að tryggja að bæjarsjóður geti staðið undir skuldbindingum sínum á næstu árum – bæði gangvart íbúum og lánardrottnum. Þessi hópur fundaði reglulega, með fjármálastjóra og öðru starfsfólk bæjarins, auk þess sem hann

stóð fyrir opnum íbúafundi um fjárhagsáætlun og markmið hennar. Afrakstur þessarar vinnu er sú fjárhagsáætlun sem hér er lögð fram.

Útgangspunktur í allri vinnunni var að tryggja að grunnþjónusta yrði ekki skert og eftir fremsta megni yrði leitast við að auka ekki verulega álgur á bæjarbúa. Þetta þýðir, að leitað er leiða til að draga úr kostnaði með endurskipulagningu verkefna og því hvernig þau eru innt af hendi, auk þess sem stefnt er að því að draga úr yfirbyggingu og kostnaði við stjórnun.

Í nóvember 2010 skrifuðu oddvitar allra stjórn málaflókka sem sæti eiga í bæjarstjórn sameiginlega grein í Fjarðarpóstinn. Í greininni var lögð áhersla á það samráð sem náðst hefur milli bæjarstjórnarflokkanna um undirbúning fjárhagsáætlunar næsta árs. Í greininni segir meðal annars:

Samráð og samvinna viðbæjarbúa um þau verkefni sem eru framundan er mikilvægt vegarnesti fyrir okkur við gerð fjárhagsáætlunarinnar en við stöndum frammi fyrir því verkefni að ná fram 1,2 milljarða hagræðingu, til að geta staðið við skuldbindingar í kjölfar efnahagshrunsins. Það þýðir 10 -20 % hagræðingarkrafa á einstaka málaflókka. Samvinna flokkanna í bæjarstjórn er einnig mjög mikilvæg og við, oddvitar flokkanna, erum samstíga í þeirri vinnu sem nú stendur yfir.

Í greininni er ennfremur fjallað um þau áhrif sem efnahagshrunið hafði á skuldir Hafnarfjarðarbæjar. Gengistap og verðlagsbreytingar hækkuðu skuldirnar um næstum 9 milljarða, auk þess sem lóðum fyrir um 8 milljarða var skilað og bærinn þurfti að endurgreiða um 3 milljarða vegna lóðaskila. Í grein oddvittanna segir ennfremur:

Í kjölfar hrunsins stökkbreyttust langtímaskuldir bæjarins við lánastofnanir um næstum 9 milljarða kr., vegna gengistaps og verðlagsbreytinga. Jafnframt fór bæjarsjóður mjög illa út úr lóðarskilum, en lóðum fyrir yfir 8 milljarða var skilað.

Skuldir og skuldbindingar Hafnarfjarðarbæjar eru miklar og hafði efnahagshrunið þar mikil áhrif. Það er því lykilatriði að bæta afkomu bæjarfélagsins til þess að geta staðið undir afborgunum og vöxtum á komandi árum. Aftur á móti er gleðilegt að skuldirnar hafa lækkað umtalsvert á árinu 2010. Í byrjun ágúst var greitt upp erlent lán sem nemur 17 milljónum Evra. Ennfremur hefur þróun gengis það sem af er árinu reynt bænum hagstæð. Þessa dagana stendur yfir vinna við endurfjármögnun á lánasafni bæjarins, í samvinnu við Lánasjóð sveitarfélaga og fleiri aðila. Það er mjög mikilvægt að það verkefni gangi vel því stór lán eru á gjalddaga á næstu árum.

Með samstilltu átaki okkar, starfsfólks og bæjarbúa við að forgangsraða verkefnum, skilgreina þjónustustig og hugsa hlutina upp á nýtt, er hægt að ná þeim markmiðum sem sett hafa verið fram sem grundvöllur að fjárhagsáætlunarvinnu ársins. Það verður ekki auðvelt og það verður ekki sársaukalaust, en okkur mun takast það. Þannig komumst við sameiginlega í gegnum þá tímabundnu erfiðleika sem við stöndum frammi fyrir.“

Fjárhagsáætlunin sem hér er lögð fram, er mikilvægt gagn í vinnunni við endurfjármögnun þeirra skulda sem koma til greiðslu á næstu þremur árum. Hún sýnir, að staða bæjarsjóðs er afar sterk og bæði A hluti og B hluti bæjarsjóðs skila afgangi. Veltufé frá rekstri, sem eru þeir fjármunir sem við höfum til ráðstöfunar í framkvæmdir og greiðslu afborgana, verður meira en 1,6 milljarðar á árinu 2011, gangi áætlanir eftir. Skuldir Hafnarfjarðarbæjar hafa á árinu 2010 lækkað úr 41.663 milljarðar kr. í 35.975 milljarðar kr. eða um 5.688 milljarðar kr. vegna niðurgreiðslu skulda og hagstæðrar gengisþróunar.

Jafnframt er Capacent að vinna greiningu á greiðslu- og skuldaþoli bæjarsjóðs en þau gögn munu ennfremur nýtast í vinnunni við endurfjármögnun. Þessi vinna er á lokastigi og verður væntanlega lögð fram á milli umræðna um fjárhagsáætlun í bæjarstjórn, að teknu tilliti til áætlunar fyrir árið 2011 og þriggja ára áætlunar.

Gert er ráð fyrir að bærinn nái talsverðri hagræðingu með skipulagsbreytingum, hertum innkaupareglum, útboðum, sameiginlegum innkaupum og breyttu fyrirkomulagi í rekstri eigna.

Á öllum sviðum í starfsemi bæjarins verður tekið mið af breyttum aðstæðum í þjóðfélaginu og starfseminni komið fyrir með tilliti til þess. Þetta getur meðal annars falið í sér breytingar á opnunartímum stofnana, forgangsroðun verkefna og mannaflapörf.

Meðal þeirra aðgerða sem gripið verður til á næsta ári, verður endurskipulagning á nýtingu á húsakosti bæjarins. Þannig er stefnt að því að draga sem mest úr leigu bæjarins á húsnæði af þriðja aðila og sú starfsemi sem fram fer í slíku húsnæði verði flutt í eigið húsnæði bæjarins þar sem því verður við komið. Leitast verður við að fækka starfsstöðvum og sameina. Með því næst betri nýting á húsnæði, mannafla og fjármunum, auk þess sem það skapar grunn til að bæta þjónustuna við bæjarbúa, með meiri samlegð og þverfaglegu samstarfi.

Það er mikið ánægjuefni að samningar um flutning málefna fatlaðs fólks til sveitarfélaga hafi tekist og fari fram um áramótin. Þetta þýðir meðal annars að nauðsynlegt er að endurskipuleggja fjölmarga þætti á öllum sviðum í starfsemi Hafnarfjarðarbæjar. Unnið hefur verið að stefnumótun frá árinu 2008 og gengið út frá þeirri grunnhugsun að með yfirtöku þjónustunnar færist Hafnarfjörður nær því markmiði að verða samfélag án aðgreiningar. Ýmsar blikur eru á lofti varðandi rekstur Hjúkrunarheimilisins Sólvangs og þegar þetta er skrifað bendir ýmislegt til að leitað verði til Hafnarfjarðarbæjar með yfirtöku á þeim rekstri. Það fellur vel að þeirri stefnumörkun bæjarstjórnar að sem flestir þættir nærþjónustunnar séu best komnir í umsjá bæjarins. Yfirtaka á rekstri Sólvangs væri jafnframt eðlilegur aðdragandi að flutningi málefna aldra í heild til sveitarfélaga. Stórt skref verður stigið snemma á næsta ári, þegar framkvæmdir hefjast við nýtt hjúkrunarheimili á Völlum - sem nú eru í útboðsferli. Áætlað er að starfsemi í nýju hjúkrunarheimili hefjist síðla árs 2012.


Eins og fram hefur komið, er fjárhagsáætlunin afrakstur samstarfs og samvinnu starfsfólks, stjórnmalamanna úr öllum stjórnmalaflokkum og íbúa bæjarins, sem komu á framfæri fjölmörgum gagnlegum ábendingum í gegnum íbúagáttina og á íbúafundinum í nóvember. Öllu þessu fólki eru færðar bestu þakkir fyrir þátttökuna og óeigingjarna vinnu, sem er líkleg til að skapa enn meiri sátt um niðurstöðuna.

Þó svo við höfum haft storminn í fangið á undanförunum misserum, líkt og önnur sveitarfélög, fyrirtæki og heimili, er framtíðin björt og traust í Hafnarfirði. Með þeim aðgerðum sem gripið hefur verið til – bæði á tímum uppbyggingar og samdráttar – hafa innviðirnir styrkst. Aðgerðir til að draga saman kostnað á síðustu misserum hafa styrkt og eflt starfsmannahópin, sem hefur þjappað sér saman um það sameiginlega verkefni að standa vörð um nauðsynlega þjónustu og starfsemi.

Félagslegar áherslur eru leiðarjós í allri starfsemi Hafnarfjarðarbæjar. Hér er gott að búa, enda hefur íbúum haldið áfram að fjölga í Hafnarfirði, á sama tíma og þeim hefur fækkað víða annars staðar, svo sem í Reykjavík. Þetta lýsir því hvaða viðhorf fólk hefur til bæjarins og þeirrar þjónustu sem hér er í boði. Í Hafnarfirði er lögð áhersla á rétt íbúanna til félagslegrar þátttöku og þjónustu, óháð efnahag og öðrum aðstæðum.

Með fjárhagsáætlun ársins 2011 og þriggja ára áætlun árána 2012-2014 er sá grunnur styrktur enn frekar og tryggt að Hafnarfjörður mun standa við félagslegar og fjárhagslegar skuldbindingar sínar.

Hafnarfirði, 8. desember 2010



Guðmundur Rúnar Árnason

bæjarstjóri